

HRÚTASKRÁ

2025 - 2026



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

Kraftblanda-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Kraftblanda-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



EFNISYFIRLIT

Skýringar.....	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum.....	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar.....	8
Kollóttir hrútar.....	18
Hrútar 2023-24, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	24
Bæklingur um riðumál.....	27
Vesturland	
Hyrndir hrútar.....	33
Kollóttir hrútar.....	44
Árangur sæðinga og kjötmat.....	50
Minni fita, meiri fita, stórar kindur, litlar kindur.....	51
Bógkreppa	52
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	54

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Frosti 22-913	8
Jarl 24-982 (nýr)	8
Hliðar 25-800 (nýr)	9
Mökkur 25-801 (nýr)	10
Dalur 25-802 (nýr)	10
Miðill 25-804 (nýr)	11
Postuli 25-805 (nýr)	11
Áttundi 25-806 (nýr)	12
Gígur 25-807 (nýr)	12
Boli 25-808 (nýr)	14
Háfur 25-809 (nýr)	14
Tandri 25-810 (nýr)	16
Skörðungur 25-811 (nýr)	16
Korkur 25-815 (nýr)	17

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Bónus 22-938	18
Kútur 24-983 (nýr)	18
Ísak 25-821 (nýr)	20
Rjómi 25-822 (nýr)	20
Mörður 25-823 (nýr)	22
Sproti 25-824 (nýr)	22
Natan 25-825 (nýr)	23
Spæði 25-830 (nýr)	23

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Silfurprúður 23-979 (feldhrútur)	26
Jökull 22-978 (forystuhrútur)	32
Völundur 24-976 (forystuhrútur)	32

VESTURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Álfur 21-981 (nýr)	33
Fursti 22-934	33
Faldur 23-937	34
Hlekkur 24-959	35
Hrókur 24-960	36
Verkur 25-803 (nýr)	36
Flói 25-812 (nýr)	37
Harry 25-813 (nýr)	38
Bryti 25-814 (nýr)	38
Goði 25-816 (nýr)	40
Brútus 25-817 (nýr)	40
Magni 25-818 (nýr)	42
Máni 25-819 (nýr)	42
Búi 25-820 (nýr)	43

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Vindur 24-984 (nýr)	44
Vorboði 25-827 (nýr)	44
Völusteinn 25-828 (nýr)	45
Ljómi 25-829 (nýr)	45
Fáni 25-831 (nýr)	46
Leví 25-832 (nýr)	46
Hróður 25-833 (nýr)	47
Potter 25-834 (nýr)	47

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Bárður 22-980 (feldhrútur)	48
Keli 24-977 (forystuhrútur)	48

Hrútaskrá 2025-2026

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritsgjafi: Guðmundur Jóhannesson

Mynd á forsiðu: Grámoreiðar mæðgur © Halla Eygló Sveinsdóttir.
Myndir af hrútum: Birna Sigurðardóttir, Halla Eygló Sveinsdóttir og Torfi Bergsson.

Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af Árna B. Bragasoni, Eyþóri Einarssyni og Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur hjá RML.

Sérstakar þakkir fá Sigurður Kristjánsson og

Þórdís Þórarinsdóttir fyrir veitta aðstoð.

Umbrot: Rósa Björk.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfubjónustan, nóvember 2025

SKÝRINGAR

@HES

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögun-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Árni Brynjar Bragason hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ


Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því minni er fitan. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr skýrsluhaldi, í því felst mat á kynbótá-gildi gripanna þ.e. hverju þeir eru líklegir til að skila til afkvæma sinna. Í sauðfjárrækt er reiknað kynbótamat fyrir gerð og fitu sláturlamba, ómvöðva og ómfitu úr lambadómum, líf- og fallþunga haustlamba, ásamt frjósemi og mjólkurlagni áa. Kynbótamatið er staðlað þannig að meðaltal síðustu 10 árganga er 100. Í sviga í súluritum hrútanna birtast upplýsingar um fjölda afkvæma með mælingu fyrir hvern eiginleika í útreikningi kynbótamatsins ($n = x$).



KYNBÓTAMAT FYRIR GERÐ, FITU OG BAKVÖÐVA

Í mati fyrir GERÐ og FITU sláturlamba eru nú keyrðir saman sem tengdir eiginleikar ómvöðva- (ÓMV) og ómfitu- (ÓMF) mælingar úr lambaskoðunum, sem byggja á bakvöðvamælingu og fitu yfir bakvöðva. Með því eykst öryggi kynbótamatsins fyrir sláturleiginleikana og það lagar bjögun á gerðarmati hrúta sem mikið er sett á undan. Í líkönum fyrir GERÐ, FITU, ÓMV og ÓMF er leiðrétt fyrir þungaflökki, kyni, búí og ári.

KYNBÓTAMAT FYRIR FALLÞUNGA

FALLÞUNGA- og LÍFÞUNGA mælingar haustlamba eru keyrðar saman í kynbótamati sem tengdir eiginleikar. Einkunnir fyrir þunga skiptast svo niður í einkunnir fyrir bein áhrif og mæðraáhrif. Einkunnir fyrir bein áhrif eru mat á vaxtargetu lambanna sjálfra. Dæmi: Feður þunga og vænna lamba við vigtnun og/eða slátrun fá góðar einkunnir fyrir bein áhrif FALLÞUNGA. Einkunnir fyrir mæðraáhrif eru mat á afurðasemi áa/dætra og koma í stað kynbótamats fyrir mjólkurlagni. Dæmi: Reyndir hrútar sem fá góðar einkunnir fyrir mæðraáhrif FALLÞUNGA eiga dætur sem eru mjólkurlagnar og skila af sér þungum lömbum eftir sumarið. Í líkönum fyrir þunga er leiðrétt fyrir kyni, burði lamba, fjölda lamba sem gengu með móður, aldri móður, búí, ári og aldri lamba við vigtnun/slátrun.

KYNBÓTAMAT FYRIR MJÓLKURLAGNI OG FRJÓSEMI

Upplýsingar um afurðastig og fædd lömb fyrstu fjögur afurðarár áa eru notaðar til að reikna mat fyrir MJÓLKURLAGNI og FRJÓSEMI. Í samsettri einkunn fyrir MJÓLKURLAGNI hefur hvert ár 25% vægi. Í samsettri einkunn fyrir FRJÓSEMI er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár.

LITAERFÐIR

Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreindir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfr mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn segir til um hvort hrúturinn erfr tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litaerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísu fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.

ÍSLENSKT FÓÐUR

FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með prótein-snauðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambakögglar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.



* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í pósthúmer 101-371 og 800-881

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR



@HES

SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir berist fyrir kl. 8:00 samdægurs í gegnum pöntunarform sem er að finna á **www.bssl.is**, einnig má senda tölvupóst á **sveinn@bssl.is**, eða í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs.

Afgreiðsla á sæði lýkur venjulega milli kl. 10:00 og 11:00 en eftir það er hægt að ná í Svein í síma **894 7146**.

SKIPULÖGÐ ÚTKEYRSLA HRÚTASÆÐIS Á SUÐURLANDI:

- A.** Vestur-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar. Frá 9.-12. des.
- B.** Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu. Frá 13.-16. des.
- C.** Uppsveitir Árnessýslu. Frá 17.- 20. des.
- D.** Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum frá og með 1. des. og til og með 9. des.

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....	1.900 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....	1.485 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....	1.270 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	1.170 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.

Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Kostnaður við hlífðarrör er innifalinn í verði sæðis.

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl 23:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is** Einnig er hægt að panta í síma 437 1215 en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma 892 0517.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í **fjarvis.is** af viðkomandi bónda eða sæðingamanni.

HVATASTYRKIR VEGNA SÆÐINGA MEÐ V OG MV HRÚTUM

Í samræmi við landsáætlun um útrýmingu á riðuveiki mun atvinnuvegaráðuneytið greiða hvatastyrki vegna sæðinga með hrútum sem bera V eða MV arfgerðir.

Miðað er við að styrkuppþæð á hverja kind sem sædd er með hrút sem ber V arfgerð (ARR) sé 1.170 kr og styrkur út á hverja kind sædda með hrútum sem bera MV arfgerð sé 585 kr. Ekki skiptir máli hvort hrúturinn sé arfblendinn eða arfhreinn.

Styrkuppþæð er birt með fyrirvara um að styrkuppþæð pr. kind getur lækkað ef heildarfrámunir sem ætlaðir eru til niðurgreiðslu á sæðingum duga ekki.

Forsenda þess að styrkir verði greiddir er að bændur hafi skráð sæðingar í Fjávís (undir „skrá sæðingu“) eigi síðar en fimmtudaginn 8. janúar 2026.

Styrkir verða greiddir út af atvinnuvegaráðuneytinu í gegnum Afurð (**www.afurd.is**).

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ

Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík
bætiefnafata með hvítlauk
sem er hentug með
vetrarfóðrun.
Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto saltsteinar



Saltsteinar sem innihalda
náttúrulegt bergsalt og má
notast við lífræna ræktun.
Hægt að fá án eða með
stein- og snefilefnum.

10 kg steinn



VM Sheep



Steinefnablanda frá Vilofoss. Lystug og
kalsíumrík blanda sem hentar vel íslenska
sauðfénu. Inniheldur engan kopar og má
notast við lífræna ræktun.

25 kg pokar



Ærblanda SS Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2%
hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með
góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir
hámarks ullarvöxt.

Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum.
Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir

Stalosan F

Náttúrulegt sóttthreinsiduft



Frábær forvörn gegn slefsýki

Stalosan F vinnur gegn
bakteríum, vírusum, sveppum
og snýkjudyrum. Slefsýki í
lömbum orsakast af E. coli
sem berst með óhreinindum,
oft á undan broddmjólkinni.
Stalosan F hefur reynst vel til
að fyrirbyggja smit.
Með góðum forvörnum sparast
vinna og kostnaður við lyf.

15 kg pokar




Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Verslun Dufpaksbraut 3, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099
Ópið virka daga kl.: 09:00-17:00

Sláturfélag Suðurlands - Fosshálsi 1, 110 Reykjavík |
S: 575 6070 | buvorur@ss.is - www.buvorur.is



Lýsing: Hreinhvítur krapphyrndur, fremur smágerður, aðeins þröngur um herðar en annars þrýðilega vel gerður og harðholda. Fótleggur 116 mm í október 2023.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með fremur gróft tog en þykkt þel. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Frosti 22-913 frá Ásgarði er reynslumesti hrútur sæðingastöðvanna sem býðst þetta árið en hann er eini bekrinn sem er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Frosti hefur reynst afbragðs lambafaðir líkt og kynbótamat hans sýnir og skipað sér á bekk með topphrútinum. Átti hann í haust góðan hóp af spennandi hrútsefnum, þar á meðal voru 25 synir hans sem stíguðust á bilinu 88 til 90,5 stig. Lömb sem enduðu í sláturhúsi flokkuðust vel, gerðareinkunn þeirra er 11,0, einkunn fyrir fitu 6,8 og fallþungi 18,8 kg.



Til uppgjors komu ríflega 10 dætur hans síðastliðið haust. Frjósemi þeirra var í meðallagi en afurðastig þeirra reyndist að jafnaði vera 5,38. Haustuppgjör 2025 liggur nú fyrir hjá 16 dætrum og standa þær sterkar í frjósemi og er meðalafurðastig þeirra einnig 5,38 sem sakir standa. Það er því gott útlit fyrir að Frosti reynist öflugur alhliða kynbótagripur.

Litaerfðir: Frosti er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti, gefur tvílit og hreinhvít en ekki mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: Lambsdómur er ekki til.

Lambhrútaskoðun	2024	2025
Fjöldi	248	245
Þungi	47,2	47,9
Fótleggur	108,3	108,5
Læri	17,8	17,9
Ull	8,1	8,1
Ómvöðvi	33,5	32,9
Ómfita	3,3	3,4
Lögun	4,4	4,4



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þrýðilegt hornalag. Finleg og frið kind. Fótleggur í október 2025 116 mm.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og svoltið af dökkum hárum fannst í reyfi. Togið er meðalfint en þelið í þynna lagi. Ullarmagn í minna lagi miðað við aldur.


Reynsla: Jarl var valinn til notkunar á sæðingastöð haustið 2025. Horft var til þess að hér væri arfberi breytileikans T₁₃₇ sem kominn væri með lofandi reynslu sem lambafaðir. Í Lóni í Kelduhverfi er stórt fjárbú og öflugt en samkvæmt bráðbirgðauppgjöri þá eru 13 hrútar sem áttu 15 eða fleiri sláturlömb þar í haust. Jarl stendur á toppnum í samanburði við þá, bæði fyrir gerð og kjötmatseinkunn. Fallþungi sláturlamba undan Jarli er 16,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og einkunn fyrir fitu 5,9. Meðaltal búins er 16 kg, einkunn fyrir gerð 9,5 og einkunn fyrir fitu 6,1. Góð reynsla mun fást á Jarl sem ærföður strax á næsta ári en hann á stærstan hlut í ásetningsgimbrahópnum með 17 dætur.

Móðir Jarls var einlembd veturgömul og hlaut 7 afurðastig sl. haust. Í vor var hún tvílembd og hefur skilað tveim ágætum sláturlömbum en haustuppgjöri 2025 er ólokið.

Litaerfðir: Jarl er afhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇ RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2024-37-102-32/2, 1/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig.





25-800

HLÍÐAR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.



BJARNAFOSS 24-661

ÞORBJÖRG 24-161

GULLFOSS 23-673 ~ DIDDA 19-106
frá Gýgjarhólskoti


ÞORSTEINN 23-677 ~ 23-018

FFF: Gullmoli 22-902, FFMF: Blossi 16-837, MFF: Gimsteinn 21-899,
MMF: Glitnir 19-848, MMMF: Drjúgur 17-808**NÝR****Lýsing:** Hvítur, sívalhyrndur. Bollangur, breiðvaxinn og prýðilega holdfylltur. Föngulegur hrútur.**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Togið í meðallagi að lengd og finleika. Þelið í þynnra lagi. Svolítið ullarstuttur á baki og ullarmagn í meðallagi.**Reynsla:** Hlíðar er einn af sjö hrútum sem teknir voru á sæðingastöðvarnar í haust sem eru arfhreinir fyrir ARR-genasamsætunni. Hann er valinn sem öflugur einstaklingur af góðu afurðakyni. Bjarnafoss 24-661, faðir Hlíðars, var notaður á gemlinga síðasta vetur og því er tiltölulega hátt hlutfall afkvæma hans tvílembings gemlingslömb. Engu að síður stendur meðalfallþungi afkvæma Bjarnafoss í 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 7,6 sem er þó aðeins undir búsméðaltali miðað við fyrirliggjandi gögn.

Þorbjörg 24-161 var einlembd í vor og skilaði Hlíðari vel fram gengnum í haust. Hún var sjálf gemlingslamb en móðir hennar, 23-018, var tvílembd veturgömul, þrílembd í vor og skilaði tveimur þungum E-lömbum í haust. Hún er með 6,8 afurðastig en haustuppgjöri 2025 er ólokið.

Erfðaframlag Gimsteins: 12,5 %

Erfðaframlag Gullmola: 12,5 %

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Hlíðar reynist vera arfhreinn hvítur.**PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu:** Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).**Mál og stigun:** 2025-42-106-35/3,1/4,5-7,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur



Lýsing: Mókolóttur, hyrndur. Jafnvaxinn og bollangur með prýðileg lærahold.

Ullarlýsing: Kolóttur á haus og fótum. Mikið af dökkum hárum í reyfi, frá herðum og aftur á malir. Togið er fremur fint og þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur Mökkur 25-801 er valinn sem efnilegur og vel hyrndur hrútur sem er arfhreinn fyrir ARR. Hamar er þrilembingur en Fagrabrekka móðir hans skilaði þrem öflugum ásetningshrútum síðastliðið haust sem allir hafa staðið sig prýðilega sem lambafeður. Í vor fæddust eingöngu gemlingslömb undan Hamri. Þau reyndust vel og voru á búsmeðaltali fyrir gerð og fitu en fallþungi þeirra var heldur undir meðaltali.

Móðir Makkar, 24-648, er veturgömul. Hún var einlembd í vor og skilaði Mekki þroskamiklum og fallegum. Móðurmóðir Makkar, 21-201, hefur bæði skilað góðum afurðum og verið frjósöm (tvílembd gemlingur og tvævetla og þrilembd tvisvar). Hún er með 5,8 í afurðastig fyrir þrjú ár en uppgjöri 2025 er ólokið.



Erfðaframlag Gimsteins: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Mökkur er mókolóttur og verður forvitnilegt að sjá hve sterkt sá litur erfist frá honum. Faðir Makkar, Hamar, er arfblendinn fyrir dökkum lit og tvílit og gæti mögulega skilað því áfram til sonar síns.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2025-51-106-29/3,0/4,5-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-7,5-8,0-9,0=86,5 stig.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með dökk horn. Þéttvaxinn með sterk mala- og lærahold. Snotur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Talsvert af gulum hárum fannst aftan til í reyfi. Togið er meðalfint en nokkuð breytilegt að lengd. Þelþykkt í meðallagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Dalur kemur frá Austurey og vísar nafn hans til Laugardalsins líkt og nafn fjárræktarfélags sveitarinnar. Sauðfjárhjóriðin í Austurey I er ekki mjög stór, nokkuð innan við 100 ær, en langræktuð. Faðir Dals, Birkilandssonurinn Trausti 24-001, kom best út af heimahrútum búans í haust og skilaði mestum vænleika og bestri gerð af heimahrútunum. Meðaleinkunn afkvæma Trausta fyrir gerð var 10,5 fyrir fitu 5,7 og fyrir fallþunga 16,9 kg.

Móðir Dals, Dökkgrána 18-014, hefur verið farsæl afurðakind, átti eitt lamb veturgömul og ætíð tvílembd eftir það. Haustuppgjöri 2025 er lokið og stendur hún með 5,3 afurðastig.

Erfðaframlag Gimsteins: 0%


Erfðaframlag Gullmola: 12,5%


Litaerfðir: Dalur er arfblendinn hvítur því móðir hans er dökkgrá.

Hver litafjölbreytileikinn verður hjá afkvæmum Dals umfram gráa litinn leiðir tíminn í ljós.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2025-46-105-33/2,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.





25-804

MIDILL

frá Miðdal, Kjós.

R171

ÆGIR 22-012

ARÍA 24-058

KAPPI 16-839 ~ ÞYRNIRÓS 20-012
frá ÞóroddstöðumBJARKI 23-922 ~ YDDA 21-024
frá Hafrællstungu I

FMFF og MMFF: Fáfíur 16-995



NÝR

25-804

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur. Örlítið grófur um herðar en bolur sívalur og holdfylltur. Lærhold öflug. Jafnvaxin og falleg kind. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Vel hvítur en dálítið af gulum hárum fannst á mölum. Togið hrokkið og stutt í baki en lengra og sléttara í síðum. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Miðill 25-804 kemur frá Miðdal í Kjósarhreppi. Þar er rekið lítið sauðfjárbú en mjólkurframleiðsla er aðalbúgreinin. Þó sauðfjárrækt sé þar aukabúgrein hefur ræktunarstarfinu verið sinnt af miklum áhuga í áratugi og sæðingar mikið notaðar. Tveir hrútar koma koma inn að stöð frá Miðdal, Miðill og Goði 25-816. Fjallað er um föður Miðils, Ægi 22-012, hjá Goða, bróður hans, á bls. 40.

Aría 24-058, móðir Miðils, átti tvo hrúta nú í vor. Hún gekk með þá báða í sumar og vóg annar þeirra 50 kg og hinn 53 kg við skoðun í byrjun september. Aría hlýtur 6,2 afurðastig fyrir þetta fyrsta afurðarár. Albróðir Miðils var settur á heima. Aría er alsystir Algebru, móður Goða 25-816, og virðast þær systur einstaklega efnilegar ær.


Erfðaframlag Gimsteins: 12,5 %

Erfðaframlag Gullmola: 0 %

Litaerfðir: Ægir 22-012 faðir Miðils er svartur og Miðill því arfblendinn hvítur. Ægir hefur gefið mórautt enda undan mórautum hrút. Það kemur í ljós næsta vor hvort Miðill erfði svarta eða mórautða litinn frá föður sínum.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-53-108-34/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-8,5-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.



25-805

POSTULI

frá Mýrum I, Hrótafirði.

R171

PISTILL 24-952
frá Brúnastöðum

22-052

BIRKILAND 23-927 ~ VAGGA 20-529
frá AusturhlíðHAFFI 18-167 ~ 18-018
frá Mýrum 2

MMFF: Mjöltnir 16-828, MMFF: Dreki 13-953, MMF: Gutti 13-984



NÝR

25-805

Lýsing: Hvítur, sverhyrndur. Mjög bollangur og breiðvaxinn. Afar útlögumikill með breiða bringu. Bakholdin úrval og læraholdin prýðileg. Sterkbyggður hrútur.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi að lengd og fínleika. Þelið nokkuð þykkt og ullarmagnið í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Frá Böðvari Sigvalda og Ólöfu á Mýrum 2 hafa komið nokkrir öflugir stöðvahrútar á undanförunum árum. Má þar nefna Burkna 13-951, Hnaus 20-890 og á síðasta ári kom Hlekkur 24-959 frá þeim. Postuli 25-805 er hins vegar sóttur að Mýrum I til Ásu Berglindar dóttur þeirra hjóna. Pistill 24-952 frá Brúnastöðum, faðir Postula, stóð sig vel sem lambafaðir í haust líkt og sterkt kynbótamat hans fyrir gerð og fallþunga sýnir. Lakasti þáttur hans samkvæmt niðurstöðum dóma voru ullargæðin en útlit er fyrir að Postuli sé föðurbetrungrur í þeim eiginleika. Meðaleinkunn afkvæma Pistils fyrir gerð var 11,0, fyrir fitu 7,3 og fallþungi 19,4 kg.

Móðir Postula, 22-052 var einlembd gemlingur en síðan tvilembd. Hún hefur skilað fjórum sláturlömbum og er meðalfallþungi þeirra 21,9 kg, gerð 13,3 og fita 8,5. Hún er með 5,1 afurðastig en árið 2025 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins: 0 %


Erfðaframlag Gullmola: 12,5 %

Litaerfðir: Líklegast er að Postuli reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-55-110-40/2,3/5,0-8,0-9,0-9,5-10-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=90,0 stig.





Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með fríðan og skarplegan svip. Breiðvaxinn og afar bollangur en jafnframt lágfættur. Holdfylling frábær; sérstaklega í mölum og lærum. Glæsikind á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár finnst í reyfi, einkum aftan til. Togið mikið, langt og liðað en fremur gróft. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Áttundi 25-806 kemur frá Ásgarði í Hvammssveit og er áttundi hrúturinn sem þaðan er fenginn í þjónustu stöðvanna. Faðir hans, Sandur 24-948 frá Hesti, fékk mjög takmarkaða notkun á síðasta vetri en þau fáu lömb sem urðu til reyndust vera mjög öflugur hópur. Sláturlömb undan Sandi flokkuðust vel, meðalfallþungi þeirra var 19,3 kg, einkunn fyrir gerð var 11,1, og einkunn fyrir fitu 7,5. Sandur var sivalhyrndur sem væntanlega hefur dregið eitthvað úr áhuga bænda á honum en Áttundi sonur hans er vel hyrndur.

Móðir Áttunda, 21-929 var einlembd gemlingur en það lamb kom ekki af fjalli. Síðan hefur hún alltaf verið tvílembd og er með 6,2 afurðastig eftir þrjú ár.



Erfðaframlag Gimsteins: 0%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Sandur 24-948 faðir Áttunda var arfblendinn hvítur en gaf nær eingöngu einlit lömb og erfði ekki mórautt. Móðir Áttunda er einnig arfblendin hvít því svart gimbrarlamb var á móti honum. Það kemur í ljós næsta vor hvort Áttundi reynist vera arfblendin hvít kind eins og foreldrar hans.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-51-106-37/3,9/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-9,5=90,0 stig



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Afar þroskamikið lamb. Framfótastaða gleið og mikil breidd í öllum skrokknum ásamt feikna bollengd. Fasmikil og öflug kind á velli.

Ullarlýsing: Kolóttur í vöngum og dökkar rákir í hornum. Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust í reyfi. Togið er fremur langt og jafnt yfir allt reyfið. Þelið þykkt. Ullin mjúk og ullarmagn í meira lagi.

Bakgrunnur: Í Hólabæ í Langadal er kollótt og hyrnda féð ræktað sem aðskildar hjarðir. Úr kollóttu hjörðinni kom á stöð síðasta vetur hrútur sem stóð stig vel, Gunnsteinn 24-975, og skilaði afgerandi miklum vænleika. Nú er kynntur til leiks hinn fasmikli Gígur sem valinn var sem góður fulltrúi hyrndra hrúta sem bæði dreifa ARR og C₁₅₁. Faðir hans, Bruni 24-957, skilaði nokkru af frambærilegum hrútsefnum en þó virðist hann ekki kynfastur á gerðina.

Móðir Gígs, 21-257, var einlembd veturgömul en hefur síðan verið tvílembd. Í vor lét hún þó öðru lambinu og er Gígur genginn einlembingur. Hún er með 6,2 afurðastig en haustuppgjöri 2025 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Gígur er arfblendinn hvítur því móðir hans er grá. Það kemur í ljós næsta vor hversu fjölbreyttum litum Gígur skilar.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁R//ARR).

Mál og stigun: 2025-60-110-36/2,5/5,0-8,0-9,5-9,5-9,5-9,5-18,5-8,5-8,0-9,5=90,0 stig.






ALLT FYRIR SAUÐFÉ

Meðhöndlun - Grindur - Vogir - o.fl.

Meðhöndlunarklemma



Nýjung!



Örugg, fljótleg og fjölhæf meðhöndlun á fé.

- Fótstýrð klemmuplata tryggir örugga festingu
- Hægt er að flokka í þrjár áttir
- Hentar jafnt fyrir lambfé og fullorðið
- Hægt að fá með vigtarsellum


Gjafagrindur




Ert þú að byggja eða breyta? Við bjóðum uppá breitt úrval lausna fyrir fjárhús!

Gjafagrindur

- Fáanlegar 2900mm og 4420mm
- Einnig er hægt að fá hlið við grindurnar
- Stillanleg hæð á rorum





25-808

BOLI

R171

frá Skammaðal 2, Mýrdal.

STERI 24-063
frá Ytri-Skógum

21-117

FALDUR 23-937 ~ ÝSA 21-452
frá Ytri-Skógum

BLOSSI 16-837 ~ 17-719
frá Teigi I

FMFF: Spakur 14-801, FMFF: Stapi 16-829



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með friðan haus og gott hornalag. Aðeins hrjúfur um herðar en útlögugóður. Mala- og lærahold öflug. Gerðarlegur gripur. **Ullarlýsing:** Sterkgulur í hnacka, á dindli og fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið er í grófara lagi og misjafnt að lengd, þelið í þynnra lagi og ullin stutt á baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Ný ættlína sem ber hina verndandi genasamsætu ARR kom fram á sjónarsviðið í janúar 2025. Þá var staðfest að þrjár kindur í Skammaðal reyndust arfberar og ekki hægt að rekja uppruna genanna út fyrir hjörðina. Um var að ræða systur og mæðgur komnar út af ánni 17-719. Sú ær rekur ættir sínar í Kerlingardal en hjörðin er í grunninn þaðan komin. Sæðingahrútar í hennar ættartölu eru margir en næstir henni standa þeir Salamon 10-906 frá Gróf, Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum og Þrjónn 07-812 frá Hesti. Þá er amma þessarar kindar, sem er þá MMMM Bola, komin frá bænum Lidu-Heiði í Mýrdal og verður að teljast líklegt að hún hafi haft ARR í farteskinu.

Faðir Bola, Steri 24-063, er kaupahrútur frá Ytri-Skógum, sonur Falds 23-937 sem var einn af sterkustu lambafeðrum stöðvanna þetta haustið. Steri fer vel af stað sem lambafaðir. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir en útlit fyrir að hann sé yfir búsméðaltali fyrir gerð, skili fallþunga um meðallag og hóflegri fitu.

Móðir Bola, 21-117, var einlembd veturgömul, síðan var hún þrílembd tveggja vetra og gekk þá með öll lömbin. Aftur var hún þrílembd þriggja vetra en í vor var hún tvílembd. Hún hefur 4,6 afurðastig en uppgjöri fyrir 2025 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins: 0%


Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Boli er arfblendinn hvítur því móðir hans er svartbotnótt. Litafjölbreytileiki afkvæmanna kemur að öðru leyti í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 2025-49-110-35/2,6/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,0=85,5 stig.





25-809

HÁFUR

R171
H154

frá Háafelli, Miðdölum.

ÞJAKKUR 24-325

20-037

KÖKKUR 23-705 ~ 20-074

HEIMAKLETTUR 16-826 ~ 15-513
frá Hríflu

FFF: Hnaus 20-890, FMFF: Bekri 12-911, FMFF: Guffi 08-869, MMFF: Kvistur 07-866



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Friður og jafnvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Vel hvítur en örlítið svartdröfnóttur á haus. Gul hár fundust aftan til í reyfi. Togið fremur fínt og nokkuð jafnt að lengd. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Þegar ARR-genasamsætan fannst í Vífilsdal árið 2024 kom fljótt í ljós að sameiginlegur forfaðir ARR-gripanna var hrúturinn Golsi 02-346 frá Háafelli í Dölum. Út frá Golsa hafa síðan fundist nokkrar ættlinur sem hafa viðhaldið hinu verndandi geni en eru í raun orðnar fjarskyldar. Háfur er kominn út af Golsa í sjötta lið í gegnum móðurætt Þjaks 24-325, föður Háfs. Að Háfi stendur hyrnt fé í báðar ættir og allmargir þekktir stöðvahrútar standa á bak við hann.

Móðir Háfs, 20-037, er feikiöflug afurðæð. Hún var einlembd sem gemlingur, tvílembd sem tvævetla en þrílembd síðustu þrjú vor. Þriðja lambið missti hún í vor og er Háfur genginn tvílembingur. Hún er með 7,4 afurðastig en haustuppgjöri 2025 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins: 0%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Háfur er líklega arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR/AHQ).

Mál og stigun: 2025-44-110-30/3,0/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=84,5 stig.





SAUÐFJÁRSÆÐINGAR

Endurmenntun Lbhí er með fimm námskeið í sauðfjársæðingum. Námskeiðin henta sauðfjárbændum og öllum sem hafa áhuga á að starfa við eða starfa nú þegar við sauðfjársæðingar. Námskeiðin eru bæði bókleg og verkleg og er m.a. kennd meðferð sæðis og verklag við sæðingar í fjárhúsi.

Kennari er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

■ STÓRA-ÁRMÓTI 26. nóvember

Stóra-Ármóti á Suðurlandi.
Í samstarfi við Búnaðarsamband
Suðurlands.

■ HVANNEYRI 27. nóvember

Hjá Lbhí á Hvanneyri í Borgarfirði.
Í samstarfi við Búnaðarsamtök
Vesturlands.

■ SAUÐÁRKRÓKI 28. nóvember

Í Farskólanum. Í samstarfi við
Búnaðarsamband Skagfirðinga.

■ AKUREYRI 1. desember


Á Búgarði á Akureyri. Í samstarfi
við Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

■ EGILSSTÖÐUM 2. desember

Miðvangi á Egilsstöðum. Í samstarfi
við Búnaðarsamband Austurlands.



Námskeiðin fara fram kl. 13-17. Verð 35.000 kr.
Skráning og nánari upplýsingar á vef Endurmenntunar Lbhí:
endurmenntun.lbhi.is



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Breiðleitur með gott hornalag. Samanrekin holdaköggull sem virðist gull að allri gerð. Tandri er mjög yfirvegaður og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust um allt reyfið. Togið er fínt og nokkuð jafnt að lengd, þelið er þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Oddgeirshólar eru gamlgróið ræktunarbú og þaðan hafa komið fjölmargir hrútar á stöðvarnar í gegnum tíðina. Eftir nokkurt hlé er ánægjulegt að fá þaðan spennandi lambhrút til að dreifa ARR-genasamsætunni ásamt öðrum kostum sem Tandri býr yfir.

Faðir Tandra, Brimill 24-950, gaf góð lömb í haust og voru tveir lambhrútar teknir inn á stöð undan honum, Tandri og Bryti frá Hægindi sem er á Vesturlandsstöðinni. Brimill skilaði í haust töluverðu af hrútsefnum og stendur sterkur í kynbótamati fyrir gerð eftir haustið með 122 stig.

Móðir Tandra, Tara 22-212, átti eitt lamb gemlingur og hefur svo verið tvílembd tvisvar. Gemlingslambið var 18,2 kg og flokkaðist í E3. Settar voru á tvær gimbrar tvævetluárið og í haust var þrælvænn hrútur á móti Tandra. Tara er með 5,9 í afurðastig fyrir tvö ár en haustuppgjöri fyrir 2025 er ólókíð.


Erfðaframlag Gimsteins: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Tandri reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-55-104-37/3,5/5,0-8,0-9,5-9,5-9,5-9,5-19,0-7,5-8,0-8,5=89,0 stig.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með dökk horn. Bolurinn nokkuð breiður, sívalur og langur með frábæra vöðvafyllingu. Holdahnaus í fremstu röð.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka, á dindli og fótum. Mjög mikið af gulum hárum í reyfinu, einkum aftan til. Togið stutt og í meðallagi fínt. Þelþykkt í meðallagi en ullin stutt á bakinu. Ullarmagn í tæpu meðallagi.


Bakgrunnur: Skörðungur er óneitanlega eitt af flaggskipunum í hinum magnaða afkvæmahópi Hróks 24-960 frá Brúnastöðum, þar sem þessi hrútur hlaut fádæma góðan dóm og er jafnframt arfhreinn fyrir T₁₃₇. Þennan mögulega verndandi breytileika sækir Skörðungur til Austri 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum, bæði í gegnum föður sinn og móður. Móðurfaðir hans, Kross 23-123, er kaupahrútur frá Stóru-Hámundarstöðum. Síðasta haust voru 20 gimbrar settar á undan honum í Skarðaborg og allmargar bættast í hópinn í haust.

Skörðungur er gemlingslamb og því frumburður móður sinnar, 24-085, fæddur og genginn einlembingur. Sandra 19-371, móðurmóðir Skörðungs, hefur reynst vel og er með 6,7 afurðastig. Haustgögnin 2025 eru óuppgærd.

Litaerfðir: Hrókur faðir Skörðungs reynist vera arfblendinn fyrir svartbotnóttum lit og því alveg mögulegt að Skörðungur hafi fengið þann föðurarf. Þetta skýrist næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AT₁₃₇/RQ/AT₁₃₇/RQ).

Mál og stigun: 22025-49-113-41/2,1/5,0-8,0-9,5-9,0-10-9,5-20-7,5-8,0-9,0=90,5 stig.





25-815

KORKUR

frá Hjarðarfelli 2, Snæfellsnesi.

H154

H154

MÓRI 23-742

18-852

GRETTIR 20-877 ~ 15-272
frá Ytri-Skógum

GAUMUR 15-797 ~ 11-170

FMMF: Fannar 07-808, MFF: Saumur 12-915, MMMF: Gráni 03-957




NÝR

25-815


Lýsing: Mórauður, hyrndur. Örlítið grófur um herðar en breiðvaxinn og bollangur. Þrýðilega holdfylltur og myndarlegur hrútur.**Ullarlýsing:** Mórauður, litur jafn og góður. Engin ljós hár fundust í reyfinu. Togið fremur fínt, jafnt og langt. Þelið þykkt og hrúturinn fremur ullarmikill. Ljómandi góð mórauð ull.**Bakgrunnur:** Sauðfjárrækt á Hjarðarfelli þarf vart að kynna fyrir sauðfjárbændum. Hér tefla þau Guðbjartur og Harpa fram mórauðum hrút sem verður ugglaust vel tekið hjá mörgum ræktendum, þó ekki væri nema vegna litarins. Korkur skilar AHQ-genasamsætunni og mórauðum erfðavisi til allra afkvæma sinna og væntanlega ýmsum öðrum kostum að auki. Móri 23-742, faðir hans, hefur staðið sig ágætlega sem lambafaðir. Meðalfallþungi afkvæma hans fyrir árin 2024 og 2025 er 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og einkunn fyrir fitu 7,1.

Móðir Korks, ærin 18-852 var geld sem gemlingur en hefur síðan komið með tvö lömb á hverju vori þar til að hún bar þremur lömbum vorið 2025. Hún er með 7,9 afurðastig eftir fimm ár en árið 2025 er enn óuppgeft.

Litaerfðir: Korkur á mórauðan föður og svarta móður sem er arfblendin fyrir mórauðum lit. Foreldrar hans hafa ekki átt tvílit lömb. Korkur gefur alla grunnliti en líklega ekki tvílit.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).**Mál og stigun:** 2025-56-109-36/3,4/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-8,5-18,0-8,5-8,0-9,0=86,5 stig.

Tryggingar sniðnar að þínum rekstri

Það er mikilvægt að hafa réttar tryggingar fyrir fyrirtækið,
hvort sem það á við um starfsemina eða starfsfólkið.



Lýsing: Svartur, kollóttur. Frampartur sivalur og breiður, bakið breitt og holdfyllt. Lærahold mjög góð. Lang- og breiðvaxin holdakind. Aðeins útskeifur á framfæti. (Fótleggur 118 mm).

Ullarlýsing: Hélusvartur með fremur slétt og meðallangt tog. Pelið nokkuð þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Haustið 2024 var Bónus 22-938 falaður fyrir sæðingastöðvarnar sem góður kynbótagrípur sem jafnframt er arfhreinn fyrir hina mögulega verndandi genasamsætu AHQ. Bónus hlaut dágóða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og voru sæddar með honum 332 ær. Skráðir hafa verið dómar á 60 syni Bónusar. Þeir voru yfirleitt vænir og þroskalegir og mælast og stigast um eða rétt undir meðaltali afkvæma annara stöðvahrúta þetta árið. Hefur hann staðið ágætlega undir væntingum sem lambafaðir en kynbótamat hans fyrir gerð hækkar um þrjú stig milli ára. Ullareinkunn er aðeins yfir meðaltali bæði hjá hrútum og gimbrum og má það teljast góður árangur hjá hrút sem gefur alla liti.



Heima í Skarðaborg báru í vor fjórar tvævetlur undan honum og áttu 2,25 lömb og fimm veturgamlar dætur hans áttu 1,60 lömb. Búsmeðaltalið í Skarðaborg er 1,90 lömb fædd hjá tvævetlunum og hjá þeim veturgömlu 1,48. Dætur hans fara því vel af stað hvað frjósemi varðar. Lambalát kom upp hjá veturgömlu ánum á búinu þetta árið og því aðeins ein veturgömlu dóttir Bónusar sem skilar lömbum í haust. Tveggja vetra dætur hans virðast hins vegar hafa skilað sínu með sóma. Afurðauppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir.

Litaerfðir: Bónus gefur alla liti og tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stígun: 2022-42-103-31/1,9/4,5-8,0-9,0-8,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2025
Fjöldi	60
Pungi	51,1
Fótleggur	109,4
Læri	17,7
Ull	8,2
Ömvöðvi	30,9
Ómfita	3,5
Lögun	4,0



Lýsing: Hvítur, kollóttur með gríðarlega holdfylltar herðar, sivalan brjóstakassa og vel lagaðan lærvöðva. Mjög þéttvaxin og gerðarleg kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið liðað og fremur fínt en ekki langt. Þykkt og mikið þel. Ullarmikill og ullargóður hrútur.

Reynsla: Kútur 24-983 var valinn inn á sæðingastöð haustið 2025 í ljósi lofandi reynslu sem lambafaðir og að hann er arfblendinn fyrir ARR og C₁₅₁. Hann mun því skila góðum genum til allra afkvæma sinna. Sláturlömb undan Kút voru tólf, fallþungi 19,7 kg, gerð 12,8, fita 7,8. Samkvæmt þeim sláturupplýsingum sem liggja fyrir á búinu er meðalfallþunginn 19,1 kg, gerðin 11,5 og fita 7,4. Kútur skapar því vel fram úr í fallþunga og gerð en ekki mun hér vera neinn fituleysishrútur á ferð.

Móðir Kúts, 21-150 var einlembd sem gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún er með 7,5 afurðastig fyrir þrjú ár en haustuppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir. Faðir hennar Selur 17-862 var fenginn inn á stöð á sínum tíma en nýttist ekki til sæðinga. Hann var fæddur á Hraunhálsi. Tinni 23-739 á Hjarðarfelli 2 er hálfbróðir Kúts en þeir eru sammæðra. Hann hefur skilað glæsilegum kjötmatsniðurstöðum á Hjarðarfelli sl. tvö haust. Hann á samtals 45 sláturlömb, fallþungi 20 kg, gerð 13,0 og fita 7,8. Samkvæmt reynslunni af Kút 24-983 og hans nánustu, bendir allt til að hér sé kominn mjög lofandi lambafaðir.


Erfðaframlag Gimsteins: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Kútur er arfblendinn fyrir gráum lit og tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AC₁₅₁ RQ//ARR).

Mál og stígun: 2024-50-106-32/4,5/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-17,5-9,0-8,0-8,5=87,0 stig.





Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni



Nýsköpun - metnaður - framsækni



25-821
ÍSÁK

frá Grafarkoti, Línakradal.



TOPPUR 24-974

frá Hófgerði

24-404

ATLAS 23-924

frá Hofi

~ IDA 21-120

HNÍFILL 23-585

~ 23-304

FMF: Fálki 17-821 MFF: Gimsteinn 21-899, MFMF: Bósi 08-901



NÝR

25-821

Lýsing: Hvítur, smáhnýflöttur. Útlögumikill og afar bringubreiður. Frábærlega gerðar malir og læri. Sannkallaður holdaköggull.

Ullarlýsing: Örfá gul hár fundust á mölum. Togið er stutt en þelið þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Ísak 25-821 og Flói 25-812 sem teknir voru á sæðingastöðvarnar í haust eru fyrstu hrútarnir frá Grafarkoti í Línakradal sem fjallað er um í hrútaskrá. Grafarkot er landsþekkt hrossaræktarbúi en þar er jafnframt stunduð öflug sauðfjárrækt. Fjárhjörðin telur rúmlega 300 kindur. Ísak er valinn sem arfhreinn kynbótagriður fyrir ARR en hann er jafnframt glæsigrípur eins og faðir hans var; Toppur 24-974 frá Hófgerði. Toppur reyndist vel samkvæmt niðurstöðum haustsins. Hann átti stóran afkvæmahóp og ef horft er til þeirra stöðvahrúta sem áttu 100 eða fleiri stigaða syni í haust stendur afkvæmahópur Topps í þriðja sæti. Meðalfallþungi afkvæma Topps var 20,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 7,3.

Móðir Ísaks, 24-974, er aðeins veturgömul en átti tvö lömb nú í vor. Ísak gekk einn undir móður sinni en systir hans var vanin undir aðra veturgamla á.



Erfðaframlag Gimsteins: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Allar líkur eru á að Ísak reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2025-52-103-38/5,0/5,0-7,5-9,0-9,5-9,5-9,0-19,5-7,5-8,0-9,0=88,5 stig



25-822

RJÓMI

frá Melum 2, Árneshreppi.



GAUTUR 24-972

frá Þorgautsstöðum 2

FLASKA 18-019

frá Steinstúni

KRISTALL 23-152

~ STEINA 17-720

DARRI 15-192

~ PYTLA 15-438

frá Melum 1

MFFF: Baugur 10-889



NÝR

25-822

Lýsing: Hvítur, kollöttur, afar gerðarleg, þéttvaxin og hnellin kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fínt, í meðallagi langt og jafnt um allt reyfið. Þelið þykkt. Ullarmikill hrútur með mjög góða ull.

Bakgrunnur: Rjómi 25-822 kemur frá Melum 2 í Árneshreppi. Þar hefur verið traust ræktunarstarf um langt skeið en síðasti hrútur sem kom á stöð frá því búi var Sproti 12-936. Gautur 24-972, faðir Rjóma, reyndist nokkuð óvænt vera í hópi bestu lambafeðra stöðvanna þetta árið og því þótti ástæða til að taka inn á stöð einn af öflugustu sonum hans. Kjötmat sláturlamba undan Gaut var 11,5 fyrir gerð, 7,0 fyrir fitu og fallþungi 19,0 kg.

Móðir Rjóma, Flaska 18-019, var einlembd gemlingur en hefur komið tvílembd allar götur síðan. Hún hefur skilað öllum lömbum sínum til nytja og er með 5,9 afurðastig eftir sex ár en árið 2025 er enn óuppgert. Flaska er frá Steinstúni í Árneshreppi en keypt að Melum 2 haustið 2021 þegar fjárbúskap lauk í Steinstúni.


Erfðaframlag Gimsteins: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Rjómi reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir; arfblandinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2025-46-102-31/3,5/4,5-8,0-9,5-9,0-9,0-9,0-19,0-9,0-8,0-9,0=89,5 stig.





SAUÐFJÁRBÆNDUR


Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki, Sláturhús KVVH á Hvammstanga og Sláturhús KN á Húsavík reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárbændum með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt viðskiptin síðastliðin haust!



NORÐLENSKA





25-823

MÖRDUR

T137

frá Möðruvöllum 2, Hörgárdal.

PÚKI 24-733

GJÓSKA 21-006

FASTUS 23-941 ~ PARÍS 21-001
frá Möðruvöllum 2DÚI 20-607 ~ SKRÍTILA 14-256
frá Brekknakoti

MFFF: Móri 13-982, MFMF: Radix 10-931





NÝR

25-823

Lýsing: Hvítur, kollóttur, ákaflega jafn- og breiðvaxinn og prýðilega gerður hrútur á alla kanta.**Ullarlýsing:** Hreinhvítur með svarta dropa á eyrum og vörum. Togið meðalfint, toglangd góð og jöfn um allt reyfið. Þelið fremur þykkt. Góð og mikil ull.**Bakgrunnur:** Mördur er fenginn inn á stöð til þess að dreifa mögulega verndandi breytileikanum T₁₃₇ inn í kollótta stofninum í landinu. Segja má að þar leysi hann föðura sinn Fastus 23-941 frá Möðruvöllum 2 af hólmi. Breytileikinn T₁₃₇ fannst í nokkrum kindum á Möðruvöllum 2 og má því segja að hér sé fulltrúi af Möðruvallalínunni. Mikilvirkasta dreifing T₁₃₇ hefur verið í gegnum afkomendur Austru 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum en þar er uppruni gensins annar.

Móðir Marðar, Gjóska 21-006, bar einu lambi veturgömul, hefur síðan tvisvar átt tvö lömb og einu sinni þrjú. Hún missti lamb sitt að vori þegar hún var veturgömul en hefur annars gengið með og skilað öllum sínum lömbum. Hún er með 6,7 afurðastig fyrir þrjú ár.

Litaerfðir: Arfblendinn hvítur. Móðir hans er svartbotnótt og hefur átt tvílit lömb.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇ RQ/ARQ).**Mál og stigun:** 2025-56-108-32/4,6/4,5-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=87,5 stig.

25-824

SPROTI

R171

frá Miðdalsgröf, Tungusveit.

GALDUR 24-305

DELLA 18-366

GEISLI 23-343 ~ MÓFLEKKA 20-515

DÚLLI 17-813 ~ LÚÐA 14-097
frá Miðdalsgröf

FFF: Gullmoli 22-902, FMF: Móri 19-888



NÝR


25-824


Lýsing: Hvítur kollóttur, breiður um herðar og ákaflega malabreiður. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi sérlega vel. Þéttvaxinn og mjög gerðarlegur hrútur.**Ullarlýsing:** Hreinhvítur. Togið langt og í meðallagi fint. Þelið nokkuð þykkt. Ullargóður og lagðprúður.**Bakgrunnur:** Frá Miðdalsgröf hafa komið margir hrútar inn á stöðvarnar í gegnum árin og búið landsþekkt meðal sauðfjárræktenda. Gullmoli 22-902 blandaðist frábærlega inn í stofninn í Miðdalsgröf og gaf af sér Geisla 23-343 sem reynst hefur mjög sterkur í ræktun og skilaði öflugum sonum m.a. Elliða 24-961 frá Heydalsá I. Faðir Sproti, Galdur 24-305 er einnig dæmi um úrvalsgóðan gerðarhrút undan Geisla.

Móðir Sproti, Della 18-366, átti eitt lamb bæði veturgömul og tvævetla en hefur æ síðan átt tvö lömb. Hún hefur 7,0 afurðastig fyrir sex ár en afurðauppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir.

Erfðaframlag Gimsteins: 0%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Galdur faðir Sproti er arfblendinn hvítur undan móflekktótri á. Hvort Sproti reynist arfblendinn eins og faðir hans og gefi alla liti kemur í ljós næsta vor.**PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:** Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).**Mál og stigun:** 2025-47-106-36/4,8/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-19,5-9,0-8,0-9,0=90,5 stig.



Lýsing: Móbilddóttur, kollóttur. Frampartur víður og ágæt holdfylling í mölum og lærum. Lokar klofi mjög vel. Vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Móflekkóttur en litaskipting virðist óvenju hrein. Mjög lítið af dökkum hárum eða blettum aftan við hálsinn. Togið tiltölulega mikið, ágætlega langt og jafnt um allt reyfi en fremur gróft. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Búið á Syðri-Sauðadalsá er landsþekkt afurðabú til áratuga og þangað hafa áður verið sóttir hrútar fyrir stöðvarnar. Natan 25-825 var valinn sem álitlegur kappi til kynbóta fyrir verndandi arfgerðum og móræðum erfðavisi ásamt því að vera bráðefnileg alhliða kynbótakind. Núi 24-180 skilaði niðurstöðum í haust við búsméðaltal, Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 6,6.

Móðir Natans, 23-390, átti tvö lömb bæði sem gemlingur og tvævetla. Hún gekk með bæði lömbin sem gemlingur og er með 7,4 afurðastig fyrir það ár. Uppgjöri fyrir árið 2025 er ekki lokið en á móti Natani var hrútur. Þeir bræður voru hvor um sig 50 kg á fæti þann 1. október..



Erfðaframlag Gimsteins: 0%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Natan er móflekkóttur og getur því gefið alla liti. Gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2025-43-112-29/2,8/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.



Lýsing: Hvítur; örðóttur. Lang- og jafnvaxinn með afar góða holdfyllingu. Aðeins útskeifur á vinstri framfæti.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið gróft og slétt. Þelið fremur þykkt en ullin svolítið styttri á baki. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Spaði 25-830 var valinn sem einn af álitlegustu sonum Varðar 23-940 frá Vífilssdal og er því fulltrúi ARR-Dalalínunar. Vörður var sterkasti lambafaðirinn af ARR-Dalalínunni sem kom á sæðingastöð síðasta haust. Eftir haustið stendur kynbótmat hans fyrir gerð í 106 stigum, sem er svipað og spáin hans var, en mat fyrir fallþunga – bein áhrif rís talsvert og stendur í 132 stigum. Nokkuð var það einkennandi með þá frændur frá Vífilssdal að þeir skiluðu góðum þroska þó gerðin í lömbunum væri hins vegar breytileg. Meðalfallþungi afkvæma Varðar var 20 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 7,5. Á stöðvunum í vetur áttu að vera tveir öflugir Varðarsynir, en hrúturinn Miðvörður (L32) frá Miðhópi í Vestur-Húnavatnssýslu drapst á meðan vinnsla hrútaskrárinnar stóð.

Móðir Spaða, 21-119 lét einu lambi gemlingur, var síðan tvisvar þrilembd og í vor var hún fimblembd. Þessi lambahópur kom ekki allur lifandi í heiminn en hún hefur skilað sjö lömbum til nytja. Hún er með 4,7 afurðastig fyrir þrjú ár en árið 2025 er enn óuppgeft. Tekið skal fram að Spaði ber ekki þokugen.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Faðir Spaða, Vörður 23-940 var arfblendinn hvítur og gaf dökka liti og tvílit en ekki mórætt. Um helmingslíkur eru á því að Spaði reynist arfblendinn eins og faðir hans.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-55-105-41/3,8/4,5-7,5-9,0-9,5-10-9,5-18,5-8,5-8,0-9,5=90,0 stig.



85,1

Kollóttir

20-906	Fáli	24	50,6	31,5	3,8	4,2	110,3	7,9	8,5	8,8	8,6	17,6	8,6	7,9	8,4	84,9	108	112	104	117	116	101	107	111	F
22-938	Bónus	60	51,1	30,9	3,5	4,0	109,4	7,9	8,6	8,5	8,7	8,6	17,7	8,2	7,9	8,4	84,6	114	105	109	128	106	114	109	S
23-939	Galsi	36	46,7	30,1	3,1	4,1	109,1	7,9	8,6	8,6	8,7	8,8	17,7	8,3	7,9	8,3	84,8	102	93	95	124	110	106	100	F
23-940	Vörður	146	51,1	31,0	3,9	4,0	109,1	7,9	8,5	8,5	8,6	8,6	17,8	8,4	7,9	8,4	84,6	106	100	102	132	104	108	104	F
23-941	Fastus	44	49,2	30,3	3,4	4,0	110,2	7,7	8,4	8,5	8,5	17,7	8,4	8,0	8,3	83,8	105	95	120	124	98	101	98	106	F
24-961	Ellidí	270	49,5	31,3	3,6	4,1	108,6	7,8	8,6	8,6	8,7	8,7	17,9	8,3	7,9	8,4	85,1	117	101	104	128	108	114	99	F
24-962	Eilífur	75	51,5	31,8	3,8	4,3	107,8	7,8	8,7	8,8	8,9	18,0	8,2	7,9	8,5	85,7	107	101	98	129	102	112	94	106	F
24-963	Sómi	64	50,5	31,7	3,2	4,1	111,1	7,8	8,5	8,6	8,6	17,5	8,2	8,0	8,3	84,1	92	110	119	123	99	102	106	105	F
24-964	Verndari	19	46,7	29,9	3,4	3,9	109,5	7,7	8,4	8,4	8,7	8,5	17,6	8,4	8,0	8,4	84,1	90	90	112	124	106	110	101	F
24-965	Viti	45	50,6	31,0	3,3	4,0	110,7	7,7	8,6	8,5	8,6	17,7	8,3	8,0	8,4	84,5	98	99	112	127	102	109	98	105	F
24-967	Dufgus	181	48,3	32,1	3,5	4,2	109,5	7,7	8,7	8,7	8,8	8,8	17,9	8,2	8,0	8,4	85,2	110	121	98	119	100	112	101	F
24-968	Ósmann	201	48,5	31,7	3,6	4,1	108,1	7,9	8,6	8,7	8,7	17,9	8,3	8,0	8,4	85,2	119	118	98	124	99	108	97	108	F
24-969	Alvís	209	47,2	32,9	3,6	4,4	107,1	7,9	8,8	8,9	8,9	18,2	8,2	8,0	8,5	86,2	129	136	97	124	101	109	105	114	F
24-970	Eylert	8	47,8	29,4	4,2	4,1	106,6	7,8	8,4	8,5	8,5	17,2	8,1	8,0	8,3	83,2	106	97	93	128	109	112	104	110	F
24-971	Steindi	38	48,6	31,4	3,2	3,9	108,9	7,9	8,7	8,6	8,8	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	85,0	119	117	102	125	108	109	98	F
24-972	Gautur	64	48,6	31,5	3,5	4,1	108,1	7,9	8,6	8,7	8,9	8,7	17,9	8,5	8,0	8,5	85,6	126	111	102	122	110	108	110	F
24-973	Ófeigur	108	49,7	31,8	3,5	4,1	109,5	7,8	8,6	8,7	8,7	17,9	8,2	8,0	8,4	85,0	108	117	112	129	105	115	98	109	F
24-974	Toppur	175	52,8	32,8	3,8	4,2	109,1	7,8	8,6	8,8	8,8	8,9	18,2	8,3	8,0	8,6	85,9	110	120	106	138	107	114	103	F
24-975	Gunnsteinn	138	50,2	32,0	3,7	4,2	109,6	7,8	8,7	8,8	8,7	18,0	8,3	8,0	8,4	85,4	111	117	109	138	104	118	100	112	F


MT. KOLLÓTTIR 1.905 49,6 31,7 3,6 4,1 108,9 7,8 8,6 8,7 8,7 8,7 17,9 8,3 8,0 8,4 85,2

MT. ALLIR 5.797 48,5 32,1 3,3 4,2 108,6 7,9 8,6 8,8 8,8 8,8 17,9 8,1 8,0 8,4 85,1

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóvember 2025

Stöð 2024-25: B=Borgarnes, S=Porleifskot, F=Fallinn





Lýsing: Hélugrár, hnýflóttur, aðeins snúinn í framfótum. Rólegur og dagfarsprúður. (Fótleggur 120 mm).

Ullarlýsing: Ullin er að mestu silfurgrá en aðeins misjafn litur á reyfi. Ullin er þellitil en togfin og togð hefur sterka tilhneigingu til lokkunar. Mjög góður gljá er á ullinni.

Reynsla: Silfurprúður var tekinn á stöð alveg óreyndur sem lambafaðir. Helsta forsendan fyrir vali hans er mjög góður felddómur og þá ekki síst fyrir eiginleikana, lokkun og dreifingu, og lokkinn, sem hann hlaut hámarkseinkunn fyrir. Þó liturinn mætti vera jafnari er Silfurprúður fallega silfurgrár og um leið aðeins ljósgrárri en aðrir stöðvahrútar af feldfjárættum hafa verið.

Felddómur 30/9 2023

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljá	Háragæði	Toghrágæði	Þéttleiki	Heildareinkunn
3	5	5	4	4	3	4	28

Það náðist að felddæma býsna stóran hluta af afkvæmum Silfurprúðs nú í haust og má sjá meðaltöl úr þeim dómum hér að neðan.

Felddómar 47 afkvæma - meðaltöl frá haustinu 2025

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljá	Háragæði	Toghrágæði	Þéttleiki	Heildareinkunn
3,64	3,34	2,57	3,45	3,17	3,38	3,68	23,23

Silfurprúður reiknast 100% af feldfjárættum í Fjárvis. Hann er afkomandi Lobba 09-939 á þrjá vegu en í ættartrénu má einnig finna einstaklinga sem hafa komið lítið við sögu á sæðingastöðvunum áður.

Litaerfðir:

Silfurprúður átti engin afkvæmi þegar hann kom á stöð. Skráð afkvæmi hans eftir fyrsta árið á stöð eru 57. Þau eru öll grá nema eitt lamb er skráð svart. Hann er því að öllum líkindum arfhreinn grár.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð (áður hlutlaus arfgerð) (ARQ//ARQ).



**PANTA MÁ SÆÐI
Á WWW.BSSL.IS OG
WWW.BUVEST.IS.**

Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé

Leiðbeiningar um innleiðingu verndandi arfgerða



Þar sem hin verndandi genasamsæta ARR hefur fundist í íslensku sauðfé og rannsóknir hafa sýnt fram á að kindin okkar býr yfir fleiri mögulega verndandi breytileikum hafa bændur fengið öflug vopn í hendurnar til að sigrast á riðuveikinni.

Ræktun gegn riðu - Landsáætlun

Mörkuð hefur verið sameiginleg stefna bænda og stjórnvalda í „Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárríðu“. Framkvæmdin byggir á því að valið verður markvisst fyrir verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerðum. Lykillinn að markmiðinu um riðulaust Ísland er að allir sauðfjárbændur landsins taki virkan þátt.

Bændur ættu að leggja áherslu á að taka inn verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, lækka hlutfall villigerðarinnar (hlutlausu arfgerðarinnar) sem hraðast og útrýma áhættuarfgerðinni. Á áhættusvæðum eru bændur hvattir til að fara hratt í að rækta arfhreina gripi fyrir verndandi arfgerðum þó það kosti hraða aukningu á skyldleikarækt tímabundið og hugsanlega einhverja eftirgjöf í helstu ræktunareiginleikum. Á öðrum svæðum geta bændur stigið varlegar til jarðar með tilliti til skyldleikaræktar þannig að virkri stofnstærð sauðfjástofnsins í heild verði ekki ógnað.

Riðuveiki

Riða er banvænn og ólæknandi taugahrörnunarsjúkdómur í sauðfé sem hefur greinst reglulega á Íslandi. Veikin er smitandi príonsjúkdómur og orsakast af afbrigðilegu formi príon-próteinsins (PrP). Arfgerðir PrP-próteinsins hafa áhrif á næmi kinda gagnvart riðu sem er forsenda þess að hægt er að beita markvissu ræktunarstarfi í baráttunni við sjúkdóminn.

Markmið fyrir áhættubæi:

Að innleiðingin gangi sem hraðast. Að haustið 2025 beri >25% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerðir og restin V eða MV. Haustið 2026 beri >75% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerðir og restin MV/MV.


Markmið fyrir aðra bæi í áhættuhólfum:

Að haustið 2025 beri >50% kynbótahrúta V eða MV arfgerð (þó þannig að a.m.k. 25% beri V). Haustið 2026 beri >25% kynbótahrúta V/V eða V/MV og restin V eða MV.

Markmið fyrir landið allt utan áhættuhólfa:

Að haustið 2034, muni >50% fjár í öllum hjörðum bera V eða MV arfgerðir. Eftir 20 ár, haustið 2044, muni >90% fjár í öllum hjörðum bera V og MV arfgerðir.

Sætin sex sem tengjast þoli gegn riðu í íslensku sauðfé



Príon genið

Í íslensku sauðfé finnast breytileikar í 6 sætum á PrP-geninu sem hafa áhrif á næmi kinda fyrir riðu. PrP-genasamsætan eða arfgerðin er táknuð með bókstöfum sem vísa í upphafsstafi þeirra amínósýra sem koma fyrir í ákveðnum sætum príon-próteinsins.

Hér á landi hefur verið notast við þriggja-sæta skammstöfun en ef finnst breytileiki í sætum 137, 138 eða 151 er fjórða sætinu bætt við.

Hefðbundin framsetning á PrP-arfgerð er að gefa upp amínósýrur í sætum 136, 154 og 171 en stökkbreytingar eða breytileikar í þeim sætum eru nýttir í ræktunarstarfi víða um heim og m.a. hjá löndum Evrópusambandsins.

Villigerð PrP-gensins er því táknuð ARQ.

Næmi PrP-arfgerða fyrir riðusmiti – flöggin

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum (nóvember 2023), um næmi arfgerða í íslensku sauðfé hafa verið settar fram skilgreiningar á næmi genasamsætanna. Skilgreiningarnar byggja á eldri rannsóknum, nýjum rannsóknum á gömlum riðuhjörðum og PMCA næmiþrófunum.

Flögg í Fjávís	Heiti gena-samsætu	Næmi	Tíðni samsætu í fjárstofninum framleiðsluárið 2025.	Hefur samætan fundist í riðujákvæðum kindum?	Niðurstöður PMCA næmi-rannsókna*.	Nánar
	ARR	Verndandi (V)	7,1% tíðni. Fyrst ein upphafshjörð, nú hafa fleiri fundist.	Já - Líklega 3 kindur í heiminum riðujákvæðar með ARR/ARR. Mjög sjaldgæft í arfblendnum kindum.	Mikil mótstaða.	Öruggasti kosturinn vegna áratugareynslu af notkun ARR í Evrópu. Eitlakerfið smitast aldrei og ljóst að þessir gripir geta ekki verið „heilbrigðir“ smitberar.
	AT ₁₃₇ RQ	Mögulega verndandi (MV)	0,8% tíðni. Nokkrar upphafshjarðir.	Líklega ekki. Hefur mikið verið rannsakað á Ítalíu. Ekki fundist í íslenskri riðukind.	Mikil mótstaða.	Reynist verndandi í fé á Ítalíu. Hefur heldur ekki fundist þar í eitlum kinda. Takmörkuð gögn um reynslu T137 hér á landi. Aðeins riðuneikvæðir T137 gripir hafa fundist í riðuhjörðum.
	AC ₁₅₁ RQ		0,9% tíðni	Já – 1 kind með C151/VRQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er marktækur munur á mótstöðu gripa með C151/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripri.
	AHQ		10,9% tíðni	Já – 2 kindur, báðar með AHQ/ARQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er hámarktækur munur á mótstöðu gripa með AHQ/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripri.
	AN ₁₃₈ RQ	Lítið næm Veitir mótstöðu	5,3% tíðni.	Já - 12 kindur með N138/ARQ og 6 kindum með N138/VRQ (Ísland).	Minni mótstaða en R171, T137, C151 og H154.	Riðusmit hefur fundist í eitlum kinda sem bera N138. Rannsóknir á gömlum riðuhjörðum sýna þó að marktækt minni líkur eru á að kindur með N138/ARQ smitist en kindur með ARQ/ARQ.
	ARQ	Villigerð Næm	Algengasta genasamsætan. 73,2% tíðni.	Já – ARQ/ARQ er algengasta genasamsætan í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Rannsóknir sýna að gripir með ARQ/ARQ (áður kölluð hlutlaus arfgerð) séu næmir fyrir riðusmiti. Stefnt er að útrýmingu.
	VRQ	Áhætta Mjög næm	1,9% tíðni.	Já – Hlutfallslega mjög algeng í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Arfgerðir sem innihalda VRQ eru kallaðar áhættuarfgerðir. Flestar rannsóknir benda til þess að VRQ samsætan sé mjög næm fyrir riðusmiti. Stefnt að útrýmingu.

*Niðurstöður PMCA næmi rannsókna á íslenskum heilavefjum gagnvart íslensku riðusmiti

Næmi gripsins byggir á samsetningu samsætanna = arfgerðinni. Ef horft er á þetta út frá litum flagganna þá skiptir máli hver samsetningin er, þar sem allir gripir bera tvö flögg. Þannig að flöggin sýna hver arfgerð gripsins er. Í dag eru flestir gripir með tvö gul flögg (villigerð). Markmiðið þarf að vera að fækka gripum sem bera eingöngu gul flögg en til lengri tíma lítið er stefnt að útrýmingu gulra flagga. Rauðu flöggum þarf að útrýma sem fyrst. **Á áhættusvæðum fyrir riðu ætti að leggja höfuð áherslu á hraða innleiðingu dökkgræna flaggsins (ARR).**

Arfgerðargreiningar

Arfgerðargreiningar þjóna lykilhlutverki við innleiðingu verndandi arfgerða. En hvaða gripi skal arfgerðargreina?

Hrútar - Grundvallaratriði er að allir hrútar sem eru notaðir til kynbóta séu valdir með hliðsjón af arfgerðargreiningum. Á fyrstu árum innleiðingarinnar verða flestir hrútar með verndandi arfgerðir í notkun arfblendnir og því **mikilvægt að fylgja eftir notkun á þeim með arfgerðargreiningu**, sérstaklega hrútlamba sem koma til greina til ásetnings. Þannig tryggjum við að réttu gripirnir séu settir á.

Gimbrar – Á þeim búum þar sem áherslan er að auka hlutdeild verndandi arfgerða í hjörðinni sem hraðast er æskilegt að greina einnig gimbrar við ásetningsval fyrstu árin.

Mikilvægt að vanda til verka við sýnatöku

Það er grundvallaratriði að **sýnanúmer** séu skráð á rétta gripi í Fjávís. Skila þarf **sýnalista** með sýnum til RML þar sem hann er varðveittur en mælt með því að bændur eigi afrit af honum sjálfir ef einhver mistök eða ruglingur á sér stað.

Genasamsætur og erfðir

Hver einstaklingur hefur tvær genasamsætur. Önnur kemur frá föður og hin frá móður. Á hvorri genasamsætu er hægt að búast við einum breytileika sem hefur áhrif á riðumótstöðu. Hver einstaklingur, sem er með þekkta PrP-arfgerð í Fjárvís.is, er merktur með tveim flöggu - einu flaggi fyrir hvora genasamsætu.

Gripur greindur með ARR/ARQ fær flöggin  og  (hann er *arfblendinn*). **Helmingur afkvæma** gripsins munu því erfa ARR og hinn helmingurinn ARQ.

Gripur greindur með ARR/ARR fær flöggin  og  (þessi gripur er *arfhreinn* fyrir ARR genasamsætunni). **Öll afkvæmi** þessa grips munu erfa ARR og verða að minnsta kosti arfblendin fyrir ARR.

Breytileikarnir **hoppa ekki** yfir kynslóðir. Því skiptir ekki máli hvaða arfgerðir afinn og amman báru ef ljóst er hvaða arfgerðir foreldrarnir bera með arfgerðargreiningu.

Þar sem ekki er vitað hvort **afkvæmi arfblendinna** foreldra hafa erfð réttu genasamsætunnar, **þarf að arfgerðargreina** þau til að fá úr því skorið hvaða arfgerð þau bera.

Nokkur atriði varðandi ræktun gegn riðu Arfhreinir hrútar


Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að tryggja að eingöngu gripir sem bera lítið næmar eða verndandi arfgerðir séu settir á, er að nota hrúta sem eru **arfhreinir** fyrir **verndandi**, **mögulega verndandi** eða **lítið næmum** arfgerðum → Nota hrúta sem hafa *bara græn eða blá flögg*. Þá munu öll þeirra afkvæmi bera að minnsta kosti eina verndandi eða lítið næma genasamsætu.

Hrútanotkun og skyldleikarækt

Til að sporna gegn skyldleikaræktaraukningu í stofninum er mikilvægt að skipta ört út hrútum. **Sérstaklega á þetta við um innleiðingu ARR í sauðfjárstofninn þar sem upphafsgripirnir sem ræktað er út frá eru fáir.** Því er almennt mælt með að á **fyrstu árum** innleiðingarinnar sé hrútum skipt út árlega og lögð áhersla á notkun efnilegra lambhrúta.

Hvað á að gera við lömbin sem erfðu ekki ARR?

Í ljósi þess að í upphafi innleiðingar á ARR verður mikið framboð af hrútum sem eru **arfblendnir** fyrir ARR mun því helmingur afkvæma þeirra **ekki bera ARR**. Eindregið er mælt með að sá hluti hrúta sem ekki ber ARR sé **ekki nýttur til kynbóta**. Þetta er til að sporna gegn því að hlutdeild upphafshrútanna frá Þernunesi í stofninum verði meiri en þörf er á. Varðandi gimbrar af þessu kyni sem ekki bera ARR er mælt með að þær séu eingöngu settar á í undantekningartilfellum þegar um úrvalsgripi er að ræða.



Hver gripur / hvert afkvæmi getur aðeins borið tvo breytileika (tvö flögg). Undan tveim arfblendnum foreldrum er því von á fjórum mismunandi arfgerðum sem lömbin gætu borið.

Stuðningur og hvatagreiðslur

Gert er ráð fyrir þrennskona stuðningi við bændur í landsáætlun til að hvetja bændur áfram í ræktun gegn riðu.

- Stuðningi við arfgerðargreiningar
- Niðurgreiðsla á sauðfjársæðingum
- Hvatagreiðslum til áhættubæja vegna notkunar á hrútum sem bera **V/V, V/MV eða MV/MV** arfgerðir. Bændur á búum sem munu teljast áhættubú samkvæmt landsáætlun eru hvattir til að tryggja sér slíka hrúta.

Allir kynbótahrútar arfgerðargreindir

Æskilegt er að arfgerðir allra hrúta landsins sem settir eru á til kynbóta, séu þekktar. Kostnaður bónda við arfgerðargreiningu á vegum RML er áætlaður 300 kr. án vsk, þegar búið er að draga frá hvatastyrk vegna ásetningshrúta (hrútar sem skráðir eru ásettir í Fjárvís 13. desember 2025).

Gimsteinn

Ráðgjafarpakki um kynbætur og innleiðingu verndandi arfgerða

- Fundur bónda með ráðunaut þar sem áætlun búsins er rædd.
- Forsendur búsins skoðaðar og markmið sett um innleiðingu.
- Sviðsmyndir skoðaðar með tilliti til hraða innleiðingar og þörf fyrir arfgreiningar.
- Farið yfir helstu þætti tengda kynbótum, svo sem skyldleikarækt og erfðir.
- *Skráning og nánari upplýsingar á heimasíðu RML.*



Algengar spurningar

Hvernig get ég arfgerðargreint gripi í minni hjörð?

Tekið er vefjasýni úr eyra (myndband:

www.tinyurl.com/synataka). Hylki til sýnatöku eru pöntuð á heimasíðu RML. Þegar sýni hafa verið tekin eru þau skráð á rétta gripi í Fjárvis („Skráning“ og „forskráning sýnanúmer“). Þegar sýnin hafa verið tekin og forskráð skal senda þau til RML ásamt fylgiblaði sem fylgir sýnatökuhyllkjum þar sem fram koma upplýsingar um númer sýna og gripi. Heimilisföng starfsstöðva RML þar sem tekið er við sýnum eru Hvanneyrargata 3, 311 Borgarnes og Höfðabakki 9, 4. hæð, 110 Reykjavík.

Hvað tekur langan tíma að fá niðurstöður úr arfgerðargreiningu?

Utan álagstíma er algengur tími 2 til 3 vikur.

Hvar sjást niðurstöður arfgerðargreininga?

Hægt er að sjá arfgreiningarflögg gripanna í „Gripalisti“ í Fjárvis ásamt því að full greining birtist í yfirliti hvers og eins grips. Þá er hægt að fara í „yfirlit“ og velja „sýnaleit bænda“.

Af hverju skila niðurstöður arfgerðargreininga sér ekki í Fjárvis?

Líklegar skýringar: Sýnanúmer vitlaust skráð, greiningaraðili vitlaust skráður eða sýnið ógreinanlegt. Fyrirspurnir er hægt að senda á dna@rml.is.

Á hvaða tímapunkti ætti að taka sýni úr lömbum og senda til arfgerðargreininga?

Gott er að taka sýni úr lömbum sem líkleg eru til ásetnings á sauðburði. Einnig er hægt að taka sýni úr lömbum á haustin og senda til greiningar en þá þarf að gera ráð fyrir að minnsta kosti 2-3 vikna bið eftir niðurstöðum.

Er gagnlegt að arfgerðargreina fullorðnar ær?


Já. Fyrir þá sem vilja byggja hratt upp þolinn stofn er hjálp í því að kortleggja ærstofninn. Góð byrjun getur verið að taka fyrir ákveðinn árgang til að fá þversnið af hjörðinni.

Þarf að arfgerðargreina gripi undan foreldrum sem eru arfhreinir fyrir verndandi arfgerðum?

Ef báðir foreldrar eru arfhreinir fyrir ákveðinni genasamsætu er með öllu óþarft að greina afkvæmin en Fjárvis getur þá kveðið upp greininguna. Ef annað foreldrið er arfhreint, til dæmis ef faðirinn ber ARR/ARR, er hægt að treysta því að öll afkvæmin fái ARR frá honum og séu því að lágmarki arfblendin. Því ætti ekki að þurfa að greina nema takmarkaðan hóp lamba þegar notaðir eru arfhreinir hrútar og þá aðeins til að komast að því hverju móðirin hefur skilað.

Þarf að arfgerðargreina gripi sem fá „Fjárvis greiningu“?

Nei. Athuga ber þó að sumir gripir hafa ekki fengið greiningu fyrir öll sex sætin og því getur Fjárvis greining á afkvæmum þeirra verið takmörkuð við ákveðin sæti.



Þegar sýni eru arfgerðargreind, er þá einnig hægt að skoða hvort kindin sé riðuveik?

Nei.

Getur riða borist með sæði?

Nei – aldrei hefur verið sýnt fram á það.

Þarf að lóga gripum með áhættuarfgerðina?

Lömb sem bera VRQ genasamsætna ætti ekki að setja á. Ef í ljós kemur að fullorðnar ær beri VRQ skiptir máli hver hin genasamsætan er sem gripurinn ber (ARQ eða VRQ eru óæskilegar), hversu margir næmir gripir eru í hjörðinni og hvar hjörðin er staðsett með tilliti til riðuáhættu. Í sumum tilfellum væri æskilegt að taka slíka gripi úr framleiðslu.

Hvort ætti ég að sæða með ARR-hrútum eða hrútum með aðrar verndandi arfgerðir?

Á mestu áhættusvæðum með tilliti til riðu ætti að leggja aðaláherslu á ARR og fylla upp í með öðrum mögulega verndandi arfgerðum.

Mitt bú er ekki á riðusvæði. Þarf ég að innleiða verndandi arfgerðir?

Já, það er lykilinn að árangri – engin svæði eru óhult. Sérstaklega er mikilvægt að bú sem selja kynbótafé komi inn af krafti strax. Í landsáætlun um útrýmingu riðu eru sett markmið um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða á landinu öllu utan áhættusvæða, meðal annars annars þessi:

- **Haut 2032** - 100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV (tvö græn flögg).
- **Haut 2034** - >50% fjár í hverri hjörð ber V eða MV arfgerð (a.m.k. eitt grænt flagg).

Á þínu svæði er óhætt að fara hagar í að leggja eingöngu áherslu á ARR, heldur nýta einnig gripi með mögulega verndandi arfgerðir til að forðast of mikla skyldleikarækt.

Kjarngóðar ærblöndur

Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.



Ærblanda

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengiendi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Ærblöndurnar fást í 25 kg og 500 kg sekkjum

Bætiefni



Sauðfjárfata

Bætiefnafata sérstaklega ætluð íslensku sauðfé. Auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum.



Magnesíumfata

Með viðbótarmagn af magnesíum og hagstætt hlutfall kalsíum og fosfórs. Rík af öllum helstu stein- og snefilefnum og vítamínum.



BIGGI Alhliðablanda

Fínt möluð steinefnablanda fyrir búfénað. Aðlöguð að íslensku gróffóðri með háu innihaldi selens og E- vítamíns.



Kalksalt

Bætiefnafata framleidd úr endurnýttu salti úr fiskvinnslu og hafkalki úr Arnarfirði auk þess að vera selen, A-, D-, og E-vítamínþætt.



FW steinefnasteinn

Steinefna- og selenþættur saltsteinn fyrir allan bústofn. Koparsnauður og hentar því sauðfé.



Bætiefna-saltsteinn GPG

Bætiefnafata unnin úr íslensku afsalti úr fiskvinnslu, kalkþörungumjöli auk þess að vera selen, A-, D- og E-vítamínþætt.




Alhliðasteinn

Saltsteinn framleiddur úr náttúrulegu salti án aukaefna. Hentugur fyrir allan búfénað í hefðbundnum og lífrænum búskap.



Sauðfjársteinn

Saltsteinn fyrir sauðfé. Inniheldur lífrænt selen og fleiri lífsnauðsynleg stein- og snefilefni. Sauðfjársteinninn er koparsnauður.



Lýsing: Svartarnhöfðóttur með gott hornalag. Frísklegur forystuhrútur.

Bakgrunnur: Að sögn fyrri eiganda, Jóns Gíslasonar á Hofi, er Jökull mjög meðfærulegur forystuhrútur; einstaklega rólegur á húsi og sækir til kunnugra bæði úti og inni. Hann er ákveðinn og gefur til kynna sé honum ekki sinnt með klóri og kjassi. Fram að þessu hefur ekki reynt mikið á forystuhæfileika Jökuls utan dyra en hann leiddi þó ávallt hrútahópin þegar þeir voru reknir til á heimabúi. Að sögn Jökuls Gíslasonar á Álfavatni er Freyja móðir Jökuls mikil forystuæ sem ætíð fer fyrir hópnum. Á stundum er fullmikil ferð á henni en hún skilar sér ævinlega í fyrstu leit í Hraunfirði. Hún er fremur spök þegar heim er komið en gerir sér mikinn mannámun, sækir á þá sem njóta hylli hennar en er varfærin við aðra nema helst ef góðgæti er í boði. Freyju mislíkar þrengsli og þegar krær og krubbur eru sópaðar fylgir hún manninum því þar veit hún að rýmra er um hana.

Síðasta vetur voru sæddar 58 ær með Jökli sem er dágott fyrir forystuhrút. Sæðingin bar árangur í 80% tilfella svo ætla má að Jökull eigi laglegan fulltrúa forystufjár í ásetningshópum hér og þar um landið.

Litaerfðir:

Jökull gefur alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).



Lýsing: Völundur er móarnhöfðóttur; hyrndur,

Bakgrunnur: Hér fara á eftir upplýsingar frá Guðlaugu Bergsveinsdóttur sem nú stýrir hinni landsþekktu ræktun forystufjár á Gróustöðum: "Völundur er undan Mána 22-401 sem á ættir að rekja til Gróustaða og Fremri-Gufudals. Máni er móflekktóttur, stór, langur, yfirmáta geðgóður og mannelskur með vakandi og athugult auga. Móðir Völundar, Frigg 15-500, er heimaræktuð á Gróustöðum og með elstu núlfandi forystuám búins. Amma hennar var engin önnur en Komma, móðir Gera sem er áhugamönnum og ræktendum forystufjár að góðu kunnur. Frigg er ein hávaxnasta kind hjarðarinnar, sýnir mikla forystugetu úti við, fer fyrir hópi og leiðir vel en er rólynd í húsi. Augað er vökult, kindin athugul og áhugasöm um fólk en ekki gefin fyrir atlot.

Völundur er því af gömlum og góðum ættum forystufjár á Gróustöðum. Hann var sem lamb sprækur og forvitinn um fólk en eins og móðir hans lítt gefinn fyrir blíðuhót. Það gæti þó hæglega breyst því í haust hefur hann einungis sýnt mikla árvekni en jafnframt yfirvegun."

Samkvæmt Fjávis er Frigg enn á lífi og átti eitt lamb vorið 2025 og bætti við sig fósturlambi, enda bara tíu vetra.


Völundur hlaut góðar viðtökur hjá ræktendum forystufjár á sínu fyrsta ári á stöð. Sæddar voru með honum 136 ær og bar sæðingin árangur í 71% tilfella. Margir hafa talað um nú í haust að afkvæmi Völundar séu skynsöm en jafnframt yfirveguð og eftirtektarsöm.

Litaerfðir:

Völundur getur gefið alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).




Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Bolur sívalur og sæmilega breiður. Lærvöðvar ákaflega kúptir og vel lagaðir. Sterkbyggður og harðholda hrútur. Fótleggur í október 2025; 120 mm.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust aftan til í reyfi. Togið fremur stutt og í grófara lagi. Þelið fremur þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi miðað við aldur.


Reynsla: Álfur 21-981 kom á sæðingastöð haustið 2025. Val hans byggir á því að hann lofar góðu sem ærfaðir en er jafnframt margreyndur og öflugur sem lambafaðir. Álfur hefur ætíð staðið ofarlega í samanburði við heimahrútana. Meðaltöl hans byggð á samantekt fyrir öll árin eru 11,2 í gerðareinkunn, 6,9 í fitueinkunn og 18,2 kg fallþungi. Nú í haust er hann í toppbaráttunni á þessu stóra búi sem besti lambafaðirinn, en uppgjöri er ekki að fullu lokið.

Síðastliðið haust átti Álfur 20 dætur sem komu til uppgjörs. Þá sýndu þær frjósemi yfir búsméðaltali og mjólkurlagni í rúmu meðallagi með 5,09 afurðastig að jafnaði. Í vor bættust við 11 dætur með frjósemissupplýsingar. Veturgömlu ærnar voru aðeins undir búsméðaltali með 1,36 lamb, tvævetlurnar voru hins vegar yfir búsméðaltali með 2,09 lömb en elstu dætur Álfs, sem eru þriggja vetra voru undir meðaltali. Heilt yfir stefnir í að frjósemi lofi heldur góðu og gott útlit hvað varðar mjólkurlagni ánnar.

Móðir Álfs, 16-195, var einlembd veturgömul og einu sinni eftir það, einu sinni þrílembd en annars tvílembd. Sögu hennar lauk haustið 2024 en hún var þá átta vetra og stóð í 7,6 afurðastigum.



Litaerfðir: Álfur er arfblendinn hvítur en hefur ekki gefið mórautt eða tvílit.
PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).
Mál og stigun: 2021-52-105-35/4,3/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=88,5 stig



Lýsing: Mógolsubotnóttur krapphyrndur, fremur grófhyrndur. Fursti er breiður um herðar og útdögumikill, í meðallagi langur og holdþéttur hvar sem á honum er tekið. (Fótleggur 120 mm).

Ullarlýsing: Nokkuð vel hvítur á lagðinn miðað við lit. Togið er meðalfint, fremur langt í síðum en styttra í baki. Þelið er þokkalega þykkt og ullarmagn í meðallagi.


Reynsla: Fursti er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk töluverða notkun í vetur og búið er að skrá dóma á 112 lambhrúta og 170 gimbrar í Fjarvisi. Lömb undan honum eru rétt undir meðaltali bæði fyrir ómvöðva og stigun en Fursti átti þó nokkuð af úrvalsstöðum hrútsefnum og vel gerðum gimbrum. Tæplega 300 sláturlömb undan Fursta hlutu í haust 10,5 í gerðareinkunn, 7,4 í fitueinkunn og vógu 18,7 kg. Þetta skilar honum sterku kynbótamati fyrir gerð en um meðallag fyrir fitu og fallþunga.


Heima á Sölvabakka voru allar 6 tveggja vetra dætur Fursta tvílembdar og 14 veturgamlar dætur hans áttu að meðaltali 0,86 lömb nú í vor. Á síðasta ári voru dætur hans heldur undir meðaltali búans, bæði í frjósemi og afurðasemi. Haustuppgjör framleiðsluársins 2025 er ólokið.

Litaerfðir: Fursti er mógolsubotnóttur og getur gefið alla grunnliti, golsótt og botnótt. Samkvæmt reynslunni af dreifðri notkun síðasta ár eru langflest afkvæmi Fursta botnótt, golsótt eða golsubotnótt. Einlit lömb í gráum, svörtum eða mórâuðum lit eru sárafá sem og flekkótt lömb.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).
Mál og stigun: 2022-50-109-30/3,7/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-9,0=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2025
Fjöldi	112
Þungi	48,3
Fótleggur	109,2
Læri	17,7
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	3,2
Lögun	4,2





23-937

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Sívalvaxinn og samanrekin holdaköggull. Metfé að allri gerð og holdum. (Fótleggur 115 mm).

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og svört hár finnast í reyfi. Ljósugulur á haus, fótum og við dindil. Togið gróft og slétt, þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Faldur er að hefja sinn annan vetur á stöð.

Hann fékk gríðarmikla notkun síðasta vetur og var annar mest notaði hrútur stöðvanna á eftir Garpi 23-936 sem líka kom frá Ytri-Skógum. Faldur átti síðan flesta syni (314) og flestar dætur (390) sem komu til dóms í haust.

Faldur gefur fönguleg lömb á velli og gerðarleg. Þau hafa afbragðs bakvöðva en synir Falds mældust að jafnaði með þykkasta bakvöðvann af sonum stöðvahrútanna. Af þeim hrútum sem áttu 100 eða fleiri stigaða syni stendur Faldur annar á eftir Alvis 24-969 en 314 Faldssynir hlutu að meðaltali 86,0 stig. Kjötmatsupplýsingar liggja fyrir um 608 afkvæmi, vögu þau að meðaltali 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og fyrir fitu 7,3.

Fyrsti dætrahópur Falds samanstendur af 7 ám. Frjósemi þeirra fer skínandi vel af stað, þær áttu 1,71 lamb að jafnaði en búsméðaltalið á Ytri-Skógum var 1,50 hjá veturgömlu ánum.

Afurðauppgjöri er ólokið fyrir 2025.


Litaerföir: Faldur er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AC₁₅₁/RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2023-42-105-38/2,4/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.


Lambhrútaskoðun 2025

Fjöldi	314
Þungi	48,5
Fótleggur	108,4
Læri	18,1
Ull	7,9
Ómvöðvi	33,8
Ómfita	3,1
Lögun	4,5



Yfirlit um helstu meðaltöl lambhrúta undan sæðingahrútum frá árinu 2003

Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðal-þungi	Ómv.	Ómf.	Lögun	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9
2021	4.396	49,0	31,4	3,2	4,3	17,9	85,2
2022	3.764	47,8	31,3	3,1	4,3	17,9	85,2
2023	4.084	48,1	31,7	3,3	4,3	17,8	84,8
2024	6.178	48,1	31,2	3,2	4,2	17,8	84,5
2025	5.797	48,5	32,1	3,3	4,2	17,9	85,1



24-959

H154

HLEKKUR

C151

frá Mýrum 2, Hrutafirði.

KEKKUR 23-136

KEÐJA 22-851

HNAUS 20-890 ~ 21-241

frá Mýrum 2

VIÐUR 19-164 ~ 18-918

MMFF: Klettur 13-962, MFFF og MMMF: Börkur 13-952, MMFF: Dreki 13-953



24-959

Lýsing: Hvítur, grófhyrndur. Þéttvaxinn hrútur með úrvals holdfyllingu í baki, á mölum og í lærum. Afar langvaxinn og glæsilegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og dindli. Töluvert af gulum hárum í reyfinu. Togið meðallangt, fremur slétt og í grófara lagi. Þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og dindli. Töluvert af gulum hárum í reyfinu. Togið meðallangt, fremur slétt og í grófara lagi. Þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Hlekkur er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk töluverða notkun í sæðingum síðasta vetur og lömb undan honum skiluðu sér nokkuð vel til dóms í haust. Afkvæmi hans voru aðeins breytileg að gerð en þó nokkuð kom fram af úrvalsgóðum gripum. Þykkur bakvöðvi var sterkasti eiginleiki lambanna og er Hlekkur meðal betri stöðvahrúta þetta haustið hvað þann eiginleika varðar. Undan Hlekk eru 617 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar eftir haustið. Meðal fallþungi þeirra var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og einkunn fyrir fitu 6,4.

Móðir Hlekks, Keðja 22-851, var einlembd gemlingsárið, síðan tvílembd en í vor var hún einlembd. Öll hennar lömb hafa verið rígvæn og hafa sláturlömbin eingöngu flokkast í E. Keðja er með 5,8 afurðastig en haustuppgjör 2025 liggur ekki fyrir.


Litaerfðir: Hlekkur er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerðir; arfblendinn (AC₁₅₁RQ//AHQ).

Mál og stigun: 2024-57-110-37/2,1/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-19,0-7,5-8,0-9,0=88,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2025

Fjöldi	239
Þungi	48,7
Fótleggur	110,1
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	32,8
Ómfita	2,8
Lögun	4,3



Ertu klár fyrir fengitímann?



Inngjafabyssur
Bólusetningarbyssur
Brynningarskálar
Skirlífsbelti
Krítarbelti og
margt margt fleira!



**SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ Á
WWW.KB.IS**

Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1, 310 Borgarnesi

S: 430-5500 Netfang: verslun@kb.is





24-960

HRÓKUR

T137

frá Brúnastöðum, Flóa.

VITI 23-073

23-619 GJÓTA

AUSTRI 20-892 ~ GULLHETTA 18-478 KÖGGUR 22-085 ~ URÐ 22-597
frá Stóru-Hámundarstöðum

FMF: Mávur 15-990, MFF: Gimli 20-876, MMFF: Blossi 16-837, MMMF: Durtur 16-994



24-960

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svartan blett á afturfæti. Þéttvaxinn og lærasterkur holdahnykill. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing: Ljósulur í hnakka, á fótum og dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið misjafnt að lengd, gróft og slétt. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullarfar dálítið misjafnt.

Reynsla: Hrókur er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk allgóða notkun síðasta vetur og skiluðu lömbin sér undan honum vel til dóms. Útkoma afkvæma hans var glæsileg og óhætt að segja að hann hafi verið einn af sigurvegurum haustsins. Stigaðir voru 140 synir hans. Þeir voru sérstaklega sterkir hvað varðar bak, malir og læri. Synir Hróks voru með þriðja hæsta meðaltalið fyrir bakvöðvaþykkt og koma þar á eftir sonum Falds 23-937 og Sands 24-948. Síðan standa þeir eftir í stigum fyrir malir og læri. Þetta kemur jafnframt fram í góðri útkomu í kjötmatinu. Meðalfallþungi afkvæma Hróks var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 6,8 og stendur hann eftur stöðvahrútanna fyrir gerðarmat. Þessi geysilega kynfesta á góða gerð og þykkun vöðva endurspeglar í himinháa kynbótamati fyrir gerð og bakvöðva. Lakasti þátturinn í afkvæmum Hróks er ullin en hún var oft talsvert gölluð.



Móðir Hróks, Gjóta 23-619, var tvílembd gemlingsárið. Annað lambið var vanið undan en hún missti sitt og hefur því ekki hlotið afurðastig enn sem komið er. Hún var aftur tvílembd í vor og skilaði góðri ásetningsgimbur í haust. Afurðauppgjori fyrir 2025 er ólokið.

Litaerfðir: Hrókur er arfblendinn fyrir botnóttum lit, gefur ekki tvílit en náu lömb undan honum eru skráð móbotnótt/grámórubotnótt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT₁₃₇RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2024-48-105-33/4,2/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2025
Fjöldi	137
Þungi	46,8
Fótleggur	107,9
Læri	18,1
Ull	7,8
Ómvöðvi	33,2
Ómfita	2,9
Lögun	4,5



25-803

VERKUR

R171

frá Kópavatni 2, Hrunamannahreppi.

SÓMI 24-963

21-126

frá Vífilsdal

GANDÁLFUR 21-445 ~ GULLBRÁ 16-189 SKRÁMUR 20-065 ~ 19-399
frá Vífilsdal frá Haukholtum I

MFF: Glámur 16-825, MMFF: Óðinn 15-992



NÝR

25-803

Lýsing: Svartgolsubíldóttur, hyrndur. Breiðvaxinn með mjög góða holdfyllingu, ekki síst í lærum. Stórgerður og þroskamikill hrútur.

Ullarlýsing: Litaskil virðast hrein og ekki fundust dökk hár eða blettir í reyfi þó væntanlega breytist það með aldri. Togið gróft og strítt en þelið fremur þykkt. Ullin stutt á baki. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Verkur 25-803 er einn glæsilegasti hyrndi lambhrúturinn sem fram kom í haust af hinni svo kölluðu ARR-Dalalínu og er annar tveggja sona Sóma 24-963 sem völdust á sæðingastöð. Hjá Verki endurspeglar kostir föður hans en greinilegt er að Sómi skilar miklum þroska. Verkur býr síðan yfir feikigóðri gerð og er að því leyti föðurbetrungur.

Móðir Verks, 21-126, var tvílembd fyrstu þrjú æviárin en í vor var hún þrílembd. Afurðastig hennar eru 7,6.


Erfðaframlag Gimsteins: 0%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Verkur er svartgolsubíldóttur og mun því örugglega skila fjölbreyttum litum. Hvort mórautt verður þar á meðal kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-60-114-37/4,9/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=89,5 stig.





25-812
FLÓI

frá Grafarkoti, Línakradal.



HÖFÐI 24-594
frá Höfða

24-419

FANNAR 23-925 ~ EINHYNNA 22-477
frá Svínafelli 2 og 4

HREINN 23-920 ~ 21-118
frá Þernunesi

MMF: Glitnir 19-848



NÝR

Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur, afar útlögumikill, bolurinn breiður og örðulaus. Frábærlega vel gerður hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakk, á dindli og fótum. Gul hár fundust aftan til í reyfi. Togið í meðallagi fínt og fremur slétt. Þelið er þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Frá Grafarkoti í Línakradal koma tveir arfhreinar ARR-hrútar, þeir Flói 25-812 og Ísak 25-821, en nánar var sagt frá búinu í umfjöllun um þann síðarnefnda. Höfði 24-594 frá Höfða, faðir Flóa, var sjálfur afburða glæsilegt lamb. Hann var notaður á gemlinga í Grafarkoti síðasta vetur. Fallþungi afkvæma hans lág undir búsméðaltali en engu að síður átti hann mikið af hörkuflottum lömbum og flesta syni sem komu til skoðunar í Grafarkoti í haust eða átta. Þeir mældust með 36 mm þykkan bakvöðva að jafnaði og stiguðust upp á 9 fyrir frampart og 18,4 fyrir læri.

Móðir Flóa, 24-419 er aðeins veturgömul, var einlembd í vor og skilaði þessum glæsilega hrút. Uppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir.


Erfðaframlag Gimsteins: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Höfði 24-594 faðir Flóa er arfblendinn hvítur og hefur gefið alla liti og tvílit. Svipaðar líkur eru á því að Flói reynist arfblendinn eins og faðir hans eða að hann reynist arfhreinn hvítur.


PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2025-54-107-39/4,8/4,5-7,5-9,5-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-9,5=90,0 stig.



**Gott samstarf
skilar árangri**

Kynntu þér nánar fyrirtækjapjónustu Arion



Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Jafnvaxinn og prýðilega vel gerður hrútur, snotur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum með dökkar rákir í hornum. Töluvert fannst af gulum hárum í reyfinu. Togið fremur gróft og í meðallagi langt. Þelið fremur þunnt og ullin styttri á baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Harry 25-813 var valinn sem áhugaverður arfhreinn ARR-hrútur, prýðilegt lamb, vel hyrndur og af góðu afurðakyni. Faðir hans, Vörður 24-453, kom ágætlega út í haust sem lambafaðir og stendur nálægt meðaltali búans fyrir þunga og fitu en aðeins yfir hvað varðar gerð, með meðalfallþunga upp á 18,3 kg, 10,1 í einkunn fyrir gerð og 7,0 fyrir fitu.

Prinsessa 23-359, móðir Harrys, var tvílembd sem gemlingur og tvævetla og hafa öll lömbin hennar verið sett á. Hún er með 5,3 í afurðastig fyrir gemlingsárið. Árið 2025 hefur ekki verið gert upp. Valbrá 15-573, móðir Prinsessu, var góð ær. Afurðastig hennar fyrir 9 ár var 7,6 og voru settar á undan henni 7 gimbrar í gegnum árin.



Erfðaframlag Gimsteins: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola: 12,5%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Harry reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2025-50-108-32/3,8/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,0 stig.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Aðeins grófur um herðar en bollangur og sterkbyggður hrútur. Mjög gæfur og rólegur.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum en ekki í hnakka eða við dindil. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið mislangt, fremur stutt á köflum og ullin stutt á baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Í Hægindi hefur ræktunarstarfinu verið sinnt af kostgæfni um langt árabil. Vönduð ræktun á kollóttu fé á sér þar áratuga sögu. Þegar Sigvaldi og Björg María tóku við búinu komu þau með öfluga hyrnda hjörð inn í búið. Er þar nú til bæði hyrnt og kollótt fé í fremstu röð. Bryti 25-814 er annar tveggja sona Brimils 24-950 frá Kópavatni sem falaðir voru af stöðvunum í haust en Brimill reyndist feikiöflugur lambafaðir. Meðalfallþungi afkvæma Brimils var 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 7,0.

Móðir Bryta, Veisla 19-929, var einlembd gemlingur en hefur komið tvílembd á hverju vori síðan. Hún er með 7,7 afurðastig eftir fimm ár og hefur skilað öllum lömbum sem undir henni hafa gengið til nytja. Árið 2025 er enn óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Móðir Bryta er arfblendin fyrir gráum lit. Því eru álíka miklar líkur á að hann sé arfhreinn hvítur eða arfblendinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2025-54-106-34/3,4/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig






KERRUR OG VARHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Vikurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is





Lýsing: Hvítur, hyrndur með svipmikinn haus og gott hornalag. Breiður um herðar, útlögumikill og bringubreiður. Malir mjög breiðar og lærahold frábær. Mikill glæsigrípur á velli.

Ullarlýsing: Gulur á dindli en ljósgulur í hnacka og á fótum. Gul hár fundust á mölum. Togið fremur fínt, liðað og nokkuð jafnt að lengd. Þelið þykkt og hrútur-inn ullarmikill.

Bakgrunnur: Goði 25-816 kemur frá Miðdal í Kjósarhreppi ásamt Miðli 25-804 og er búið lítilsháttar kynnt í umfjöllun um þann síðarnefnda. Goði er sonur Ægis 22-012. Hefur hann reynst magnaður lambafaðir. Hann á þrjú ár að baki og er meðaleinkunn gerðar sláturlambanna fyrir öll árin 12,1, einkunn fyrir fitu 8,2 og meðalfallþungi 20,9 kg.

Móðir Goða, Algebra 24-057 átti tvo hrúta nú í vor. Hún gekk með þá báða og er með 6,0 afurðastig fyrir fyrsta afurðarárið. Algebra er alsystir Ariú móður Miðils 25-804 og virðast þær systur einstaklega efnilegar ær.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Ægir 22-012 faðir Goða er svartur og Goði því arfblendinn hvítur. Ægir hefur gefið mórætt enda undan mórættum hrút. Það kemur í ljós næsta vor hvort Goði erfði svarta eða mórætt litinn frá föður sínum.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-54-108-32/2,3/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.



Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur. Bringubreiður með sívalan og víðan frampart. Malabreiður og lærasterkur. Þroskamikill og vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið meðalfínt og nokkuð jafn að lengd um reyfið. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Baldursheimur í Mývatnssveit er eitt af þeim bæjarnöfnum sem samofði er sögu sauðfjárræktarinnar í landinu. Bæði er það vegna þess að þar bjuggu frumkvöðlar í sauðfjárrækt og síðan hefur fjárstofninn þar í gegnum tíðina vakið athygli fyrir góða gerð. Lítið hefur þó borið á hrútum þaðan á stöðvunum á síðustu áratugum en vegna sauðfjárveikivarna var stöðvunum sveitin ekki aðgengileg um langt skeið.

Brútus 25-817 kemur frá Félagsbúinu Baldursheimi. Faðir Brútusar, Kóngsi 24-651, átti allstóran afkvæma hóp í haust, skilaði góðum þroska en heldur lægra hlutfall lamba fór í U og E undan honum en öðrum hrútum á búinu.

Forynja, 24-068, átti sitt fyrsta lamb í vor og skilaði Brútusi rígvænum og á því von á háu afurðastigsmati. Móðir Forynju, Moppa 18-055 bar í sjöndu skipti nú í vor og stendur með 6,5 afurðastig. Haustuppgjöri 2025 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Brútus er arfblendinn hvítur. Faðir hans er svartfleckkóttur en undan honum hafa ekki komið mórætt eða mófleckkótt lömb. Brútus mun örugglega skila dókkum litum og tvílit en ólíklegt er að hann erfi mórættan grunnlit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2025-53-113-36/4,4/4,5-7,5-8,5-9,5-9,5-9,5-19,0-8,5-8,0-9,0=89,0 stig



HVAÐ MYNDIR ÞÚ GERA VIÐ 240 M²?

Skapaðu þér meira pláss með
stöðluðu húsi frá Límtré Vírnet



Óðal 240 m²

Breidd 12,0m	Pakhalli 20°
Lengd 20,0m	1 x lónaðarhurð 4,0x4,0m
Vegghæð 4,15m	2 x Gönguhurðir
Mænishæð 6,33m	2 x Gluggar

Setur 160 m²

Breidd 10,0m	Pakhalli 20°
Lengd 16,0m	1 x lónaðarhurð 3,5x3,25m
Vegghæð 3,15m	2 x Gönguhurðir
Mænishæð 4,97m	2 x Gluggar

- Hagkvæmar byggingar með burðarvirki úr límtré og veggj og þak úr steinullareiningum.
- Auðveld uppsetning og áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Úrval lita á þak og veggj.

- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar, burðarvirkis-teikningar ásamt teikningum af frágangi eininga fylgja.
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Íslensk framleiðsla

HAFÐU SAMBAND



SKOÐAÐU NÁNAR



Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Ágætlega holdfylltur með fremur sívalan bol. Jafnvaxinn og lögulegur gripur.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum og gul hár finnast á mölum. Togið fremur gróft og misjafnt að lengd. Þelið meðalþykkt og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Magni 25-818 er annar tveggja lambhrúta sem koma inn á stöðvarnar í haust frá bænum Skammadal 2 í Mýrdal. Þessir hrútar eru fyrstu fulltrúar þessarar nýju ARR-línu sem koma á stöðvarnar og er þetta frábær liðsauki í því verkefni að innleiða verndandi arfgerð í stofninn.

Í Magna rennur mikið Ytri-Skógablóð, en faðir hans, hinn móflekktótti Ástríkur 23-061, er fæddur í Skógum og móðurfaðir Magna, Krókur 18-080 frá Efstu-Grund, er að mestu leyti ættaður frá Ytri-Skógum. Ástríkur reynist hinn bærilegasti lambafaðir en er undir meðallagi í samanburði við hrútana í Skammadal 2. Hann stendur með 109 stig í BLUP kynbótamati fyrir gerð, 99 stig fyrir fitu og 110 fyrir fallþunga bein áhrif.

Móðir Magna, 22-224, hefur alltaf verið tvílembd, einnig gemlingsárið og er með 4,9 afurðastig fyrir sin fyrstu tvö æviár en haustuppgjöri fyrir 2025 er ólokið. Þessi kind er hálf systir 21-117 sem er móðir stöðvahrútsins Bola 25-808. Víst er að móðir þeirra systra, 17-719, hefur borið ARR en ekki hefur verið hægt að rekja það lengra með vissu.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Magni er arfblendinn hvítur. Faðir hans er móflekktóttur og ætti Magni að geta gefið alla grunnliti og tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 2025-49-109-30/2,9/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=84,5 stig.



Lýsing: Hvítur, hyrndur, aðeins grófur um herðar með útlögur í meðallagi. Malir ágætlega breiðar og lærahold góð. Fremur öflugt og gerðarlegt lamb.

Ullarlýsing: Vel hvítur en örlítið af svörtum doppum á haus. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi langt og þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Máni er annar tveggja hrúta sem fengnir voru á sæðingastöð frá Háafelli í Dölum nú í haust. Máni er kominn út af Golsa 02-346 frá Háafelli í sjötta ættlið en það er sameiginlegur forfaðir þeirra ARR-gripa sem fundist hafa í Dölunum. Hér er því um að ræða fjarskyldan ættingja Vífilsdalshrútanna sem voru í boði á stöðvunum síðasta vetur. Mána, líkt og aðra hrúta óskylda Gimsteini 21-899 og Gullmola 22-802, er æskilegt að nýta til að taka inn fleiri ættlínur af ARR-gripum. Það mun koma sér vel í framræktun á fjárstofninum í heild þegar áherslan eykst á notkun arfhreinna hrúta að hægt sé að sækja erfðaeðni í sem flestar línur. Máni er af hyrndu fé kominn og rekur ættir í marga þekktu höfðingja stöðvanna.

Móðir Mána, 20-003, hefur verið farsæl. Hún var einlembd veturgömul en alltaf tvílembd eftir það og hefur skilað öllum lömbum til nytja. Hún er með 5,4 afurðastig en haustuppgjöri 2025 er ólokið.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Máni er líklega arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-50-110-30/4,6/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=86,0 stig





Lýsing: Hvítur, hyrndur. Örlítið grófur um herðar en mjög útlögumikill og bringubreiður. Holdgróinn hvar sem á honum er tekið. Harðholda og virkjamikill kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt en fremur gróft og slétt. Þelið meðalþykkt og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Á Langsstöðum í Flóa er nett fjárbú með vel ræktaða hjörð. Þar á bæ reyndist besti lambhrútur fjárræktarfélags Hraungerðishrepps vera þetta árið, hann Búi 25-820.

Hann er einn af allmörgum öflugum sonum Arfs 24-954 frá Raftholti sem komu til skoðunar í haust. Bakvöðvinn var aðeins breytilegur í þessum afkvæmum Arfs en læraholdin yfirleitt sterk og þau lömb sem fóru í sláturhús flokkuðust þrýðilega. Meðalgerðareinkunn sláturlamba undan Arfi var 10,8, einkunn fyrir fitu 7,5 og fallþunginn 19,2 kg.

Móðir Búa, 20-004, átti eitt lamb sem gemlingur, lét tvævetur, síðan tvílembd, þrílembd en í vor var hún einlembd þegar hún átti Búa. Hún hefur skilað góðum lömbum. Auk Búa hafa verið settar á tvær gimbrar undan henni. Sláturlömbin hafa flokkast vel en fjögur lömb hafa hlotið 12,5 í gerðareinkunn við 19,3 kg fallþunga. Hún er með 5,6 í afurðastig en árið 2025 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Búi er líklega arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-61-112-39/3,2/5,0-8,0-8,5-9,5-9,5-9,5-19,0-8,5-8,0-8,5=89,0 stig.



TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is





Lýsing: Hreinhvítur, kollóttur. Afar gerðarlegur og hnellinn hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2025.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur gróft, hrokkið ofan til en sléttara í síðum. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi en reyfið togmikið.

Reynsla: Vindur var falaður á sæðingastöð haustið 2025. Er hann annar tveggja bekra sem bera ARR og eru valdir á grunnri reynslu. Fram til þessa hefur áherslan á hröð kynslóðaskipti vegið þyngst í vali á ARR-hrútum og því lambhrútar leikið aðalhlutverkið. Vindur fékk góða útkomu í haust í umfangsmikilli afkvæmaprófun á heimahrútum á Heydalsá. Allmörg hrútsefni voru í hópnum. Samkvæmt heildareinkunn úr afkvæmauppgjöri skipar Vindur þriðja sætið í samanburði 25 hrúta og var hann sterkur í öllum þáttum. Meðalfallþungi afkvæma Vinds var 20,2 kg, einkunn fyrir gerð 12,9 og einkunn fyrir fitu 6,7. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,4 kg, meðaleinkunn fyrir gerð 12,2 og fyrir fitu 7,0.

Móðir Vinds, 21-940, er af öflugu heimakyni í bland við Broddanesfé en móðurfaðir hennar er Beitir 15-076 frá Broddanesi. Hún átti eitt lamb sem gemlingur og einu sinni verið einlembd eftir það en annars tvílembd. Hún hefur 8,1 afurðastig en haustuppgjöri 2025 er ólokið.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Vindur er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2024-55-108-36/2,9/4,5-8,0-9,5-9,0-9,5-9,5-19,0-8,5-8,0-9,0=90,0 stig



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Frampartur afar víður og vöðafylltur líkt og skrokkurinn allur. Sannkölluð holdaskepna.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur gróft, stutt og hrokkið á baki en lengra í síðum. Þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Fjárúið á Hraunhálsi er ekki stórt en eigi að síður er kollóttu féð þar orðið vel þekkt á Vesturlandi og víðar fyrir afbragðsgóða gerð og vænleika. Vorboði 25-827 var valinn sem arfhreinn ARR-hrútur ásamt því að vera vel gert lamb úr langæktaðri hjörð. Faðir Vorðboða, Ósmann 24-968, var einn af mest notuðu hrútum stöðvanna á síðasta ári. Synir hans stíguðust margir vel og þau lömb sem enduðu í sláturhúsi fengu gott mat. Meðaleinkunn fyrir 627 sláturlömb undan Ósmanni er 11,2 fyrir gerð, 7,5 fyrir fitu og meðalfallþungi 19,3 kg.

Móðir Vorboða, Vorsól 23-382 átti tvö lömb sem gemlingur en gekk með annað þeirra. Nú í vor kom löngu dauft fóstur á móti Vorboða. Vorsól er með 5,0 afurðastig fyrir gemlingsárið en þá skilaði hún sláturlambi sem vóg 20,5 kg og fór í E3+. Uppgjör fyrir árið 2025 liggur ekki fyrir.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Vorboði reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 2025-55-109-37/3,7/5,0-8,0-9,5-9,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=89,0 stig





Lýsing: Hvítur, kollóttur. Herðar frábærlega holdfylltar og bringan pallbreið. Langur hrútur, mjög breiðvaxinn og lærasterkur. Djásn að allri gerð. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Vel hvítur. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið fínt og nokkuð jafnt að lengd um allt reyfið. Þelið fremur þykkt og hrúturinn ullarmikill með góða ull.

Reynsla: Völusteinn mun vera fyrstur hrúta sem kemur frá Villingadal í Eyjafirði á sæðingastöð. Í Villingadal er rekið blandað bú þar sem fjárfjöldi er milli 150 og 200 kindur. Hjörðin er kollótt og er í grunninn af Strandaþé komin. Hún er þaulræktuð og féð afurðamikið. Völusteinn er sonur Gunnsteins 24-975 frá Hólabæ en hann stóð sig með þrýði sem lambafaðir í haust og stendur hann efstur af stöðvahrútum síðasta árs í kynbótamati fyrir fallþunga – bein áhrif með 140 stig. Meðalfallþungi afkvæma Gunnsteins var 20,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 7,4.

Vala 24-852, móðir Völusteins átti tvö lömb í haust. Völusteinn fékk fósturmóður en lambið sem gekk undir Völu var hrútlamb sem vóg 26,5 kg í sláturhúsi og flokkaðist í E3+.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Völusteinn reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).

Mál og stigun: 2025-56-105-33/5, 1/5, 0-8, 0-9, 5-9, 0-9, 0-9, 0-19, 0-8, 5-8, 0-9, 5=89,5 stig.



Lýsing: Hvítur, kollóttur, samanrekin og ákaflega vel holdfylltur. Fremur fingerð og faguð kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og jafnt um reyfið og þelið þykkt. Hrúturinn er ullarmikill og ullargóður.

Reynsla: Frá Miðdalsgröf koma tveir öflugir hrútar á stöðvarnar í haust, þeir Ljómi 25-829 og Sproti 25-824. Ljómi er hálfbróðir Elliða 24-961 frá Heydalsá I sem var á stöð síðasta vetur, báðir synir Geisla 23-343 og er Geisli jafnframt föðurfaðir Sprotu. Geisli hefur reynst afburðagóður lambafaðir og staðið afgerandi efstur í afkvæmarannsóknunum í Miðdalsgröf bæði haustið 2024 og 2025. Meðaleinkunn fyrir gerð sláturlamba hjá hans afkvæmum í haust var 12,8, einkunn fyrir fitu 8,0 og meðalfallþungi 19,2 kg.

Móðir Ljóma, Stroka 19-407 var tvílembd gemlingur og hefur verið allar götur síðan nema einu sinni þrílembd. Hún hefur skilað öllum lömbum sem undir henni hafa gengið til nytja og er með 6,1 afurðastig eftir fimm ár. Árið 2025 er úppgert enn.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 25%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Ljómi reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AC₁₅₁/RQ//ARR).

Mál og stigun: 2025-47-101-34/3, 7/4, 0-8, 0-9, 0-9, 0-9, 0-9, 0-18, 5-9, 0-8, 0-9, 0=88,5 stig.





25-831 FÁNI

frá Melum I, Árneshreppi.

R171

N138

JAKI 24-370

FANNÝ 19-237

STEINN 23-926 ~ MIST 20-395
frá Kaldbak

SVEINN 17-124 ~ SNÖGG 11-396
frá Heydalsá I og 3

MMF: Ebiti 13-971, MMF: Steri 07-855, MMMF: Máni 03-975

NÝR



25-831

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Bringubreiður og bollangur með mjög öflug mala- og lærahold. Föngulegur hrútur.

Ullarlýsing: Örlítið af svörtum doppum um nasir og á eyrum. Ljósugulur á fótum, dindli og í hnacka. Gul hár finnst á mölum. Togið í meðallagi fint, hrokkið í baki en sléttara í síðum. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Sauðfjárrækt á Melum I þarf vart að kynna fyrir sauðfjárbændum, slíkur er fjöldi stöðvahrúta sem þaðan hefur komið á undanförunum árum. Fáni 25-831 var einn af mörgum góðum sonum Jaka 24-370 sem fram komu við mælingar á Melum í haust. Jaki var sjálfur frábært lamb og er sá hrútur sem skilaði bestri gerð og þyngstum dilkum á Melum í haust. Meðaleinkunn hans fyrir gerð var 13,1, einkunn fyrir fitu 7,9 og meðalfallþungi 20,8 kg.

Móðir Fána, Fanný 19-237 var tvílembd gemlingur og hefur átt tvö lömb á hverju vori síðan nema einu sinni kom hún með þrjú. Hún gekk með eitt lamb sem gemlingur en annars hefur hún komið upp og skilað að hausti öllum sínum lömbum. Hún er með 7,5 afurðastig eftir fimm ár en árið 2025 er enn óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Báðir foreldrar Fána eru arfblendnar hvítar kindur og því eru nokkrar líkur á að Fáni reynist arfblendinn. Ef svo er skilar hann væntanlega dökkum litum og tvíliti en mórauði liturinn er ólíklegur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir; arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2025-58-106-35/6,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=88,5 stig



25-832 LEVÍ

frá Hófgarði, Flóa.

R171

ALVÍS 24-969

frá Kjarna

VAKA 21-114

MOLI 23-919 ~ 22-216
frá Miðdalsgröf frá Kjarna

KÓNGUR 19-074 ~ DÍSA 18-004

MMF: Guffi 08-869

NÝR



25-832

Lýsing: Hvítur kollóttur. Hnoðaður í holdum hvar sem á honum er tekið. Úrvalsgripur að allri gerð.

Ullarlýsing: Vel hvítur en með svartar dröfnur á haus og eyrum. Dökk hár finnst í reyfi aftan til. Togið er í meðallagi fint og nokkuð jafnt að lengd um allt reyfið. Þelið fremur þykkt og ullarmagn vel yfir meðaltali.

Bakgrunnur: Annað árið í röð er nú sóttur hrútur að Hófgarði til þjónustu á sæðingastöð. Á síðasta ári kom Toppur 24-974 og fylgdi honum óvenju glæsilegur lambsdómur. Toppur stóð mjög vel undir þeim væntingum sem bornar voru til hans út frá lambsdómnum, þrátt fyrir að koma úr þessari litlu hjörð. Engin ástæða er til annars en búast við því sama frá Leví. Faðir Levís, Alvís 24-969, fékk glimrandi útkomu í haust. Synir hans eru að jafnaði hæst stigaði hálfbræðrahópurinn undan stöðvahrútunum í haust með 86,2 stig. Meðalfallþungi afkvæma Alvís var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 7,4.

Móðir Levís, Vaka 21-114 bar tveimur lömbum veturgömul og hefur síðan verið tvílembd nema hún var einlembd þriggja vetra eftir sæðingu. Hún hefur skilað öllum sínum lömbum til nytja og hefur 5,9 afurðastig.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Leví reynist arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-47-105-38/3,1/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,5-8,0-8,0-8,5=89,5 stig





Lýsing: Hvítur, kollóttur, aðeins hár um herðar en með breiðan frampart og sívalan bol. Malir breiðar og lærvöðvi vel kúptur. Hörkuvænn og virkjamikill hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en aðeins dökkur í kringum augu. Togið er í meðallagi fínt en mjög misjafnt að lengd. Þelið er þokkalega þykkt en ullin er stutt í bakinu. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Hróður 25-833 er sonur Sóma 24-963 frá Vífilsdal. Sómi átti yfir 60 lambhrúta sem komu til skoðunar í haust. Afkvæmi hans voru býsna breytileg að gerð, jafnan fremur stór og þroskamikil, en sum full háfætt. Í hans afkvæmahópi var þó að finna öflug hrútsefni, vel þroskuð og vöðvafyllt. Tveir slíkir gripir völdust á sæðingastöðvarnar til að gegna því mikilvæga hlutverki að byggja upp til framtíðar með fleiri góðum ættlinum sem bera ARR. Auk Hróðurs er það hrúturinn Verkur 25-803 frá Kópavatni sem kom á stöð, en sá er hyrndur, mislitur og stendur á sæðingastöð Vesturlands.

Móðir Hróðs, 22-398, er úrvalsær. Hún átti eina gimbur sem gemlingur og hún var sett á, tvævetluvorið var hún tvílembd, gimbrin sett á og hrútnum slátrað (var 23,3 kg, flokkaðist í U3). Hún var síðan tvílembd síðastliðið vor og lömbin bæði sett á. Hún er með 9,3 í afurðastig fyrir tvö ár. Árið 2025 er óuppgert.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%



Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Hróður er arfblendinn hvítur þar sem Sómi faðir hans var svartgolsubíldóttur.

Sómi gaf alla liti og tvílit en litafjölbreytni hjá afkvæmum Hróðs kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir, arfblendinn (AN₁₃₈ RQ/ARR).

Mál og stigun: 2025-59-112-36/2,8/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=88,5 stig.



Lýsing: Hvítur kollóttur með sívalan bol og breiða bringu. Langvaxinn og ákaflega vel holdfylltur hvar sem á honum er tekið. Afar þrúð kind á velli.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en aðeins dökkir skuggar við augu. Togið er fremur fínt og nokkuð langt og jafnt um allt reyfið. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi og ullargæði mikil. Lagðrúður.

Bakgrunnur: Frá Ásgarði í Landbroti hafa áður komið hrútar á stöð og reynst ágætlega en þar er öflug kollótt hjörð. Potter 25-834 er einn af allmörgum álitlegum sonum Dufgusar sem komu til skoðunar í haust. Dufgus skilaði vel þroskuðum lömbum og ágætlega holdfylltum. Kjötmat sláturlamba undan honum er 10,3 fyrir gerð og 7,4 fyrir fitu og var meðalfallþungi þeirra 19,2 kg.

Móðir Potters, 23-335, er ung ær. Hún var tvílembd gemlingur og skilaði vænu lambi sem gekk undir henni (fallþungi 19,7 kg og flokkaðist í U3). Hún var tvílembd í vor. Móðir Potters var með 6,0 í afurðastig fyrir síðasta ár. Árið 2025 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%


Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Móður Potters er arfblendin hvít en faðir hennar var grár og gaf talsvert af tvílutum lömbum. Það eru því nokkrar líkur á að Potter reynist arfblendinn eins og móðir hans en það kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2025-40-108-34/1,9/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-9,0-8,0-8,5=89,0 stig.





22-980

Lýsing: Dökkgrár, kollóttur, langvaxinn og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Mjög jafn dökkgrár litur. Ullin er þellitil sem er kostur við feldræktun og tugið þétt og mjúkt. Togháragerð býsna jöfn um búkinn. Víða á bolnum má finna sterkan lokk og fallegur gljái er á ullinni.

Reynsla: Bárður 22-980 er fæddur að Bjarnarhöfn í Helgafellssveit en seldur sem lamb að Glitstöðum í Norðurárdal. Hann var valinn á stöð sem efnilegur feldgæðahrútur sem jafnframt kemur með, að hluta, nýtt og óskýlt blóð inn í ræktun feldfjár. Bárður fékk sem lamb prýðilegan felddóm.

Felddómur 13/10 2022

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Togháragerði	Þéttleiki	Heildareinkunn
4	3	4	4	3	3	3	24

Bárður fékk mjög takmarkaða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og aðeins skráð undan honum 18 lömb. Það náðist að felddæma þriðjung þeirra. Þetta voru yfirleitt þroskaleg lömb og ótrúlega sterk með feldeiginleikana þar sem Bárður reiknast aðeins 63% af feldfjárættum í Fjárvis.

Meðaltöl felddóma 6 afkvæma frá haustinu 2025

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Togháragerði	Þéttleiki	Heildareinkunn
3,83	3,5	2,83	3,17	3,17	3,67	3,83	24


Fyrir utan feldfjárupprunann rekur Bárður ættir til öflugra stöðvahrúta hvað holdfyllingu varðar s.s. Spotta 13-942 frá Árbæ og Kropps 10-890 frá Bæ. Vonir standa til þess að Bárður geti sameinað mikil feldgæði og betri holdfyllingu en almennt er að finna í feldfénu. Það er því full ástæða til að hvetja ræktendur feldfjár til að nota Bárð til innblöndunar þetta seinna ár hans á stöðvunum.

Litaerfðir:

Gefur grátt og svart en tvílitur eða mórætt ólíklegur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Lítið næm arfgerð, arfblandinn (AN₁₃₈ RQ/ARQ).



24-977

Lýsing: Gráflekkóttur með skjannahvíta blesu. Hornlag gott og hornin skemmtilega tvílit.

Bakgrunnur: Ásta Flosadóttir fyrri eigandi gefur Kela og foreldrum hans eftirfarandi umsögn: "Keli hefur vökult auga og þrúðmannlega framkomu, er rólegur, yfirvegaður og athugull. Hann fer fyrir hópi lamba og leiðir en beygir sig fyrir fullorðnum forystuám, eins og best sæmir. Móðir Kela er úr gamalgróinni ræktun forystufjár í Höfða, hún er tignarleg, sjálfstæð og kvik á velli með ríka forystuhæfileika, hefur reynst mjög vel í löngum fjárrekstrum. Hún var tvílembd gimbrin og gekk með bæði lömbin, tvílembd síðan og passar vel upp á lömbin. Faðir Kela hefur gáfulegt augnaráð, er spakur og þægur í allri umgengni, hlýðir kalli og er sannkallaður konungur hrútasþilsins."

Grámann 23-547 faðir Kela er frá Fellsseli í Köldukinn en þar hefur ræktun forystufjár verið vel sinnt um árabil.

Keli fékk mjög takmarkaða notkun á sínum fyrsta vetri á stöð, hefur líklega lent í skugga Jökuls 22-978 sem stóð á sömu stöð sem nýr forystuhrútur. Aðeins átján lömb komu fram undan Kela í vor. Á stöðinni í Borgarnesi verður Keli einn um sviðsljós forystuhrúta og fær því væntanlega meiri notkun núna.

Litaerfðir: Samkvæmt þeirri takmörkuðu reynslu sem fengin er virðist Keli geta gefið alla liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblandinn (AHQ//ARQ).

Þekking og ráðgjöf í þína þágu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Leitaðu ráða hjá RML

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurða
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Ef þú átt jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu
- Ef þú ert að hefja búskap eða breyta um búskaparform
- Ef þú vilt bæta reksturinn eða byggja nýtt
- Varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjávís – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún – skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur – skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt



Árangur sæðinga (ósamstilltar ær, ferskt sæði) og kjötmat 2025 eftir sæðingastöðvahrútum

Hyndir hrútar, númer og nafn	Ær til uppgjörs	Árangur	Fædd lömb/á	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	% í E	% í U	% í 3
19-903 Laxi	173	72%	1,83	114	19,0	9,7	6,9	6%	47%	46%
19-904 Lási	113	69%	1,98	71	19,1	10,8	7,6	13%	68%	62%
20-905 Kátur	1.086	73%	1,80	617	18,5	11,5	6,9	33%	50%	46%
21-909 Bogi	100	82%	1,78	69	18,8	10,5	6,6	12%	61%	43%
21-911 Böggull	237	76%	1,85	164	18,6	10,7	7,5	19%	51%	48%
22-913 Frosti	782	74%	1,85	441	18,7	11,1	6,9	27%	53%	44%
22-934 Fursti	461	71%	1,86	286	18,7	10,5	7,4	16%	54%	52%
23-936 Garpur	1.234	67%	1,80	670	18,3	11,0	7,1	24%	53%	47%
23-937 Faldur	1.083	76%	1,84	608	19,2	11,2	7,3	28%	51%	54%
24-942 Fróði	410	69%	1,95	208	18,4	10,1	6,5	10%	52%	35%
24-943 Glampi	689	79%	1,85	597	19,1	10,3	7,2	13%	53%	43%
24-944 Bjargráður	639	79%	1,85	419	18,8	9,8	7,7	9%	43%	43%
24-945 Hegri	27	85%	1,58	19	17,6	10,5	6,8	21%	47%	47%
24-946 Pálmi	730	79%	1,89	481	19,4	10,1	7,0	9%	53%	53%
24-947 Tópas	167	71%	1,91	123	19,2	10,6	7,0	17%	54%	44%
24-948 Sandur	127	74%	1,90	106	19,3	11,1	7,5	25%	53%	43%
24-949 Feykir	458	83%	1,98	397	19,9	10,3	7,6	13%	51%	52%
24-950 Brimill	634	75%	1,85	460	18,5	10,9	7,0	23%	52%	46%
24-951 Kjarval	578	77%	1,84	452	19,0	9,9	7,4	7%	49%	59%
24-952 Pistill	774	79%	1,88	547	19,4	11,0	7,3	23%	55%	45%
24-953 Karri	870	73%	1,88	492	18,7	10,6	6,9	16%	53%	41%
24-954 Arfur	753	77%	1,92	502	19,2	10,8	7,5	17%	59%	54%
24-955 Hólmsteinn	842	74%	1,78	570	18,8	10,8	7,3	20%	53%	47%
24-956 Kálormur	271	84%	1,95	236	19,6	9,5	7,0	6%	39%	45%
24-957 Bruni	580	73%	1,83	314	18,6	10,0	6,8	13%	42%	41%
24-958 Selur	576	76%	1,88	445	18,6	9,7	7,7	4%	49%	49%
24-959 Hlekkur	943	77%	1,85	617	19,0	10,3	6,4	12%	52%	40%
24-960 Hrókur	557	80%	1,88	325	18,7	11,7	6,8	38%	48%	47%
Kollóttir hrútar, númer og nafn	15.894	75%	1,86							
20-906 Fáli	76	85%	1,88	61	19,9	10,5	7,0	13%	59%	44%
22-938 Bónus	298	78%	1,86	192	18,8	10,5	6,7	18%	50%	38%
23-939 Galsi	176	78%	1,74	130	18,0	9,2	7,1	9%	31%	41%
23-940 Vörður	795	68%	1,72	444	20,0	10,8	7,5	21%	54%	48%
23-941 Fastus	285	69%	1,91	212	20,1	10,7	6,9	19%	53%	39%
24-961 Elliði	910	76%	1,87	516	19,8	11,2	7,3	29%	47%	43%
24-962 Eilífur	384	69%	1,81	258	19,8	10,8	7,5	23%	47%	39%
24-963 Sómi	317	80%	1,90	259	18,7	9,2	6,5	6%	36%	38%
24-964 Verndari	152	78%	1,73	93	18,9	9,2	6,9	2%	38%	49%
24-965 Viti	316	76%	1,77	170	19,3	10,0	7,0	12%	45%	48%
24-967 Dufgus	637	77%	1,81	404	19,2	10,3	7,4	15%	49%	49%
24-968 Ósmann	949	74%	1,86	627	19,3	11,2	7,5	28%	51%	45%
24-969 Alvis	634	83%	1,85	419	19,2	11,3	7,4	31%	49%	51%
24-970 Eylert	85	68%	1,70	47	19,4	9,9	7,9	13%	38%	62%
24-971 Steindi	323	44%	1,63	113	19,5	11,3	7,3	35%	39%	42%
24-972 Gautur	251	66%	1,72	128	19,0	11,5	7,0	37%	42%	35%
24-973 Ófeigur	524	76%	1,88	337	19,7	10,4	7,1	15%	51%	40%
24-974 Toppur	790	61%	1,66	348	20,1	10,9	7,3	23%	52%	45%
24-975 Gunnsteinn	659	79%	1,83	413	20,3	10,7	7,4	20%	52%	47%
Aðrir hrútar, númer og nafn	8.561	73%	1,80							
22-978 Jökull	38	82%	2,02	32	15,3	4,5	5,0			3%
22-980 Bárður	20	38%	1,86	6	16,7	7,0	6,5			50%
23-979 Silfurprúður	42	59%	1,44	11	14,8	6,6	6,4			45%
24-976 Völundur	122	74%	1,73	42	15,5	5,1	5,5	2%	2%	24%
24-977 Keli	9	77%	1,86	9	15,5	4,7	5,3			11%
	231	70%	1,74							
Samtals	24.686	74%	1,84							
Sauðfjársæðingastöð Suðurlands	11.745	78%	1,86							
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands	12.941	71%	1,82							
Samstilltar ær, landið	1.468	51%	1,71							
Samstilltar á öðru gangmáli landið	412	71%	1,94							
Fryst sæði allt landið	8	94%	1,25							

MINNI FITA, MEIRI FITA, STÓRAR KINDUR, LITLAR KINDUR

Jón Hjalti Eiríksson Landbúnaðarháskóli Íslands

Kynbótastarf er marklaust ef við veljum bara fyrir einhverju, ef við veljum ekki fyrir því sem skiptir máli. Hvað skiptir máli? Það eru trúlega jafn margar skoðanir á því og sauðfjárbændur eru margir en sá útgangspunktur sem er algengastur í skipulagi kynbótastarfs er rekstur búans. Hvernig kindur gera afkomu búans betri? Fyrir hvaða eiginleikum á að velja til að auka tekjurnar eða minnka kostnaðinn svo sú fjárfesting sem er lögð í kynbótastarfið skili sér til baka?

Þessu reyndum við að svara fyrir íslenska sauðfjárrækt að einhverju leyti í nýlegu verkefni sem var unnið við Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins með styrk frá Matvælasjóði. Við skoðuðum reyndar ekki frjósemiseiginleika eða ullareiginleika að þessu sinni, en skoðuðum eiginleika sem tengjast aðal framleiðsluafurðinni, dilkskrokkum. Fyrsta spurningin var hvert skal stefna í vali fyrir skrokkfitu? Þar hefur síðustu áratugi verið valið nokkuð ákveðið fyrir minni fitu á lambskrokkum, enda gáfu lægri fituflokkar oftast besta verðið. Við reyndum að skoða út frá verðskrá sláturhúsanna og dreifingu í kjötmatsflokka nokkur ár aftur í tímann hvaða fitugildi á tölulega skalanum gæfi hæsta verð að jafnaði. Miðað við þau gögn sem lágu fyrir var það 6,55, sem er mjög nálægt því að vera mitt á milli fituflokka 2 og 3, og liggur mjög nálægt meðalfituflokkun ef horft er á nokkurra ára meðaltal. Miðað við það er ekki mikil ástæða til að breyta meðalfitugildinu í stofninum. Þar er reyndar ekki öll sagan sögð. Séu nefnilega skoðuð þau bú sem eru með háan meðalfallþunga, við tókum þau sem voru með nokkurra ára meðaltal yfir 19,0 kg, er meðaltal fituflokkunnar enn einu stigi yfir því sem gæfi hagstæðasta verðið. Fyrir þennan hóp búa er samkvæmt þessu enn ástæða til velja fyrir minni fitusöfnun sé fyrst og fremst horft til verðs.

Ef við skoðum valið fyrir gerð og hröðum vexti/miklum fallþunga er nokkuð augljóst að hraðari vöxtur og bætt gerðarflokkun skilar auknum tekjum. Val fyrir þessum þáttum getur aftur á móti haft áhrif á hvernig kindur líta út á öðrum tímum æviskeiðsins en bara sem haustlömb. Í ræktunarmarkmiðum fyrir íslenska sauðfjárstofninn er talað um að „sporna við óæskilegri stækkun fjárins“. Það er væntanlega horft til þess að stærri ær taka meira til sín, bæði í fódri og plássí. Það þurfa þær þá að borga til baka með auknum afurðum. Sú gagnasöfnun sem hefur farið fram á tilraunabúi Landbúnaðarháskólans á Hesti gerir okkur kleift að meta hvaða áhrif val fyrir þeim eiginleikum sem við veljum helst fyrir (fita, gerð, fallþungi) hefur á fullorðinsþunga, leiðrétt fyrir holdastigum og stöðu í framleiðslu. Í þeim niðurstöðum kemur ekki á óvart að meiri fallþunga, hvort sem það er vegna mjólkurlagni móður eða vaxtagetu lamsins, fylgja að jafnaði þyngri ær. Þannig fer einhver hluti þess ágóða í rekstri sem bú geta náð með meiri vaxtagetu lamba í aukinn fódurkostnað vegna þyngri áa. Fyrir gerð og vöðvaþykkt snýr dæmið aftur á móti á hinn veginn. Lömb sem mælast með þykkari bakvöðva eða góða gerðarflokkun miðað við þyngd eru frekar tengd minni ám. Þetta skýrist af því að þegar kindur nálgast sinn lokapunga fara vöðvar (og síðan fita) að vaxa hlutfallslega hraðar á meðan að hægist hlutfallslega á vexti beina. Þannig hafa 35 kg haustlömb sem er með erfðaeiginleika til að verða 60 kg sem fullorðnar kindur frekar tilhneigingu til að vera farin að safna vöðvum en 35 kg lamb sem hefur eiginleika til að verða 80 sem fullorðin kind.

Hvað þýðir þetta þá í raun fyrir kynbótastarfið? Við höfum ekki tækin núna til að velja beint fyrir fullorðinsþunga ána, en við getum tekið tillit til þessa samhengis þegar við ákvörðum hversu mikla áherslu við leggjum á hvað. Með því að taka tillit bæði til beinna áhrifa þeirra eiginleika sem við veljum fyrir á rekstur, óbeinna áhrifa í gegn um fullorðinsþunga, og innbyrðis tengslum eiginleikanna, reyndi ég að reikna út hvaða samsetning helstu eiginleika í heildareinkunn væri hagkvæmust. Miðað við niðurstöður útreikninganna gæfi heildareinkunn með 32% vægi á gerð, 3% á fitu (val að kjörgildi), 21% á bein erfðaáhrif á fallþunga og 15% mæðraáhrif á fallþunga og 30% á fjölda lamba í burði (var ekki með í útreikningum, byggir á því sem verið hefur) hámarks ávinning fyrir kynbótastarfið. Þetta byggir á meðalbúi og er líklegt til að henta fyrir flest bú. Á búum þar sem fallþungi er mikill eða lömbin hafa að jafnaði verið feit ætti að velja fyrir minni fitu, sé markmiðið að hámarka það sem fæst fyrir lömbin í sláturhúsi.

Kynbótastarfið í sauðfjárræktinni er fyrir marga ástríða og unnið nokkuð án þess að menn velti efnahagnum svo mikið fyrir sér. Kynbótastarfið getur þó lagt nokkuð til við að bæta rekstur búanna og það er von mín að þessar niðurstöður geti hjálpað sauðfjárræktendum að gera það.

Frekari upplýsingar um niðurstöðurnar má lesa í ritum LbhÍ númer 180 og 182 sem má nálgast á lbhi.is.





STÖKKBREYTING SEM VELÐUR BÓG- KREPPU KOMIN Í LEITIRNAR

Eypór Einarsson, RML, Charlotta Oddsdóttir, Tilraunastöðinni Keldum,
Sæmundur Sveinsson, Matís og Ásgeir Sigurðsson, Íslensk erfðagreining.

Loks er fundin stökkbreyting sem veldur bógkreppu hjá lömbum en bógkreppa er þekktur erfðagalli í íslensku sauðfé. Í sjónmáli er öruggt og einfalt erfðapróf sem er forsenda þess að hægt sé að forðast dreifingu gallans. Hér verður sagt frá helstu niðurstöðum úr verkefni sem miðað hefur að þessu marki í nokkur ár.

Leitin að erfðapáttum bógkreppu hófst árið 2017 með samstarfsverkefni RML og LBHÍ. Það verkefni náði ekki markmiðum sínum en skilaði þó efnivið sem síðar kom að notum. Nýjum krafti var hleypt í þessar rannsóknir árið 2021 þegar Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Matís og Tilraunastöðin að Keldum hófu samstarf. Markmið verkefnisins var að skilgreina meinafræði bógkreppu, finna erfðabættina sem stjórna henni og þróa einfalt erfðapróf. Samstarf var tekið upp við nýsjálenska fyrirtækið AG-Research sem unnið hefur að þróun erfðaprófs. Þá veitti Ásgeir Sigurðsson, sérfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu, verkefninu mikilvægan liðstyrk á lokametrunum við að staðsetja stökkbreytinguna.

ÖRSTUTT UPPRIFJUN UM BÓGKREPPU


Helsta heimildin um bógkreppu er að finna í ritgerð Sigurðar Steinþórssonar frá Hæli. Þegar hann vann sína rannsókn á tíunda áratug síðustu aldar hafði bógkreppa dreifst allmikið út á Suðurlandi. Gallann rak hann til stöðvahrútanna Hyls 75-947 og Stakks 79-975 frá Berghyl en ekki hefur náðst að rekja hann lengra en til móður þeirra, Seinlátrar 72-500. Sigurður sýnir fram á með gögnum byggðum á sonum Hyls að gallinn stjórnist af einföldum víkjandi erfðum.

Einkennin eru stuttir og bognir framfætur. Algengast að lömbin nái ekki að rétta úr framfótum og gangi þá á hnjónum. Þar af leiðandi komast þau yfirleitt ekki á spena og eiga sér því litla framtíð. Ekki er um kjaftgalla að ræða. Í grein sem birt var í hrútaskrá 2022 – 2023 var dreginn saman ýmis fróðleikur um bógkreppu og því verður látið vera að endurtaka nema það nauðsynlegasta hér til upprifjunar.

GAGNASAFNIÐ OG FYRSTA AFURÐ ÞESS

Mikilvægustu gögnin sem fengust í rannsóknum voru bógkreppusýni frá búum þar sem gallinn var þekktur og hægt var að fá sýni úr nokkrum vansköpuðum lömbum sem öll höfðu sömu einkenni og jafnframt hægt að tengja saman foreldrana í sameiginlegan forföður innan búsins. Þar með gat vart dulist að um erfðagalla væri að ræða.

Fyrsta atlagan að því að þróa erfðapróf byggði á sýnum úr bógkreppulömbum, foreldrum þeirra og til viðmiðunar voru notuð sýni úr gamalreynndum sæðingastöðvahrútum sem þótti afar ólíklegt að bæru gallann. Fyrsta afurðin var síðan setraðapróf sem leit dagsins ljós árið 2023. Það byggði á því að afar líklegt þótti að ákveðinn genabútur inniheldi a.m.k. eina stökkbreytingu sem tengdist gallanum. Þetta próf virtist stemma miðað við væntingar í 90 til 95% tilfella. Reyndin var síðan sú að stökkbreytingin sem nú er fundin var innan þessa svæðis. Óhjákvæmilegur galli þessa prófs var að hluti gripanna er hafður fyrir rangri sök, en miðað við þau sýni sem þegar hafa verið endurgreind, hefur ósamræmið allt verið á þann veg að gripir voru taldir arfberar sem síðan reynast ekki bera stökkbreytinguna.




Mynd 1. Grunnagnasafnið byggir á upplýsingum frá nokkrum búum þar sem hægt var að ná sýnum úr gripum sem höfðu nán ættartengsl. Hér er sýnt dæmi frá Hafrafellstungu um tengslin milli foreldra bógkreppulambanna sem voru nýtt sem efniviður í rannsóknum.

MEINAFRÆÐILEG LÝSING


Þegar bógkreppulömb eru skoðuð með krufningu er greinilegt að liðir framfóta réttast ekki eðlilega. Oft réttist bógliður mjög illa, olnbogaliður er allt að 90° krepptur og á öllum lömbum réttist framhné ekki að fullu. Enn fremur sést á flestum lömbum snúningur um framhné þannig að klaufir snúa botnum saman. Við fyrstu sýn eru ekki greinilegir gallar á afturfótum. Þegar fram- og afturfætur eru röntgenmyndaðir sjást hins vegar svipaðar breytingar í bæði fram- og afturfótum, þ.e. þykk og stuttaraleg bein upp- og niðurfóta (lær- og bógleggur, og sperrileggir fram- og afturfóta). Einnig sjást óskýrar vaxtarlínur og þykkun í beinskaftri, miðað við heilbrigð bein. Beinir í legg og niður úr virðast eðlileg (myndir 2-4). Galli í sköpulagi beina og liða á afturfótum uppgötvast síður þegar lömbin eru skoðuð á fæti, vegna þess að hann veldur ekki breytingu á hreyfigetu hnjáliðs og hækiliðs eins og hann gerir á samsvarandi liðum framfóta.

Það ætti í flestum tilfellum að vera mögulegt fyrir bændur að sjá hvort um er að ræða bógkreppu í dauðum lömbum, með því að skoða lögun bógleggs og beinanna við olnbogalið. Þá er sérstaklega átt við þykkina og hlutföllin í beininu, því vissulega getur verið talsverður stærðarmunur á nýfæddum lömbum.

Vefjaskoðun á hinum óeðlilega sköpuðu beinum sýnir að einstaklingsmunur er á umfangi breytinga, og einnig milli beina sama einstaklings. Breytingar sjást yfirleitt í beinvef í sömu beinum og höfðu vírst óeðlileg á röntgenmyndum. Vaxtarlínur eru óreglulegar, þannig að lengdarvöxtur truflast og beinskaftrið þykknar.



Mynd 2. Framfótur úr lambi með bógkreppu. Snúningur um framhné veldur því að ekki er mögulegt að taka myndina þvert á legg og klaufir. Rauðu örvarnar benda á bóglegg og sperrilegg framfótar sem eru stuttaralegir, með óskýrur vaxtarlínur, þykkun á beinskaftri og óskýrt merghol.



Mynd 3. Framfótur úr heilbrigðu lambi. Myndin er tekin því sem næst þvert á alla liði, þar sem ekki er snúningur um framhné. Í samanburði við bógkreppulambið á mynd 1 eru bógleggur og sperrileggur framfótar lengri, grennri og með þynnri beinskafsvaggi, auk skýrra vaxtarlína.



Mynd 4. Afturfótur af lambi með bógkreppu. Lærleggur og sköflungur (rauðar örvar) eru stutt og þykk, með þykkun á beinskaftri, óskýrum vaxtarlínunum og mergholi. Greinilegt er að ekki er til staða snúningur um hækil á sama hátt og um framhné á mynd 1.

Þessar breytingar samrýmast því að um galla í SHOX geninu sé að ræða, sem veldur breytingum í bæði upplimum og framlimum en ekki beinvef leggjar og klaufa. Gallinn hefur áhrif á framleiðslu stýríprótíns, sem frumur í beinvefnum reíða sig á, bæði við uppbyggingu og niðurbrot beinvef

STÖKKBREYTING FUNDIN

Stökkbreytingin sem nú er fundin, er í erfðavísí sem kallast SHOX (Short stature homeobox), en þessi erfðavísí er í erfðamengi spendýra og hefur töluvert verið rannsakaður í fólki. Erfðavísirinn gegnir mikilvægu hlutverki í beinmyndun og gallar í SHOX virðast m.a. valda því að bein í framhandleggjum eru hlutfallslega stutt og fólk er mjög lágvaxið. Þó að SHOX erfðavísirinn sé á kynlitningunum, er hann á svæði sem er bæði á litningum X og Y og fylgir því hefðbundnum erfðum.

Stökkbreytingin sem finnst í íslensku sauðfé er úrfelling á einum basa snemma í erfðavísinum og veldur því að forskriftin að próteininu hliðrast og próteinið verður alveg óvirkt. Þessi stökkbreyting hefur ekki sést fyrr svo vitað sé og er ekki þekkt í öðrum sauðfjárkynjum. Því virðist hún vera upprunin hér á landi. Bógkreppa er víkjandi erfðagalli og því þurfa bæði eintök (frá móður og frá föður) að vera gölluð til að einkenni komi fram. Einnig eru vísbendingar um aukinn vöðvaxt og einstaklingum sem bera eitt eintak af hinu gallaða geni, þ.e. í arfblendnu ástandi.

VIÐAR, VÖÐVASÖFNUN OG BÓGKREPPA

Vorið 2022 varð ljóst að hinn geysivinsæli sæðingastöðvahrútur, Viðar 17-844 frá Bergstöðum, væri arfberi bógkreppu. Bæði komu fram vansköpuð lömb undan honum sjálfum og nokkrum sona hans og var hægt að rekja ættir flestra mæðranna til þekktra bógkreppugjafa. Síðar komu fram nokkur vansköpuð lömb sem voru skyldleikaræktuð út af Viðari. Þegar setraðaprófið komst á koppinn voru bændur hvattir til að senda inn sýni úr Viðarsafkomendum sem valdir höfðu verið til ásetnings og líkt og við var að búast greindust þau ýmist arfblendin eða ekki arfberar. Nokkur þessara sýna hafa einnig verið greind m.t.t. stökkbreytingarinnar og því hafið yfir allan vafa að Viðar hefur verið arfberi bógkreppu.

Í sýnasafninu eru til upplýsingar um 43 sýni Viðars, fædda árin 2021 og 2022 sem eiga afkvæmi með kjötmatsupplýsingar. Samkvæmt setraðaprófinu eru 27 þeirra arfberar og 16 ekki arfberar. Athyglisvert er að arfberarnir eru með meðaleinkunn BLUP kynbótamats (nóvember 2025) fyrir gerð upp á 117 stig en kynbótamat þeirra sem ekki reynast arfberar er 110 stig. Munurinn er skýr og marktækur og gefur vísbendingu um að tengsl séu milli vöðvasöfnunareiginleika og bógkreppu. Þetta er þó birt með fyrirvara um að í hópi arfbera geta leynst gripir sem hafa fengið falsa jákvæða niðurstöðu úr setraðaprófinu þar sem endurgreiningar liggja ekki fyrir á öllum sýnum.

Þessi vísbending, um að arfberar gallans skili betri skrokkgerð, er í samræmi við ályktun Sigurðar Steinþórssonar sem leiddi að því líkur að arfberar gallans sýndu meiri holdfyllingu í mölum og lærum en þeir sem ekki væru arfberar. Byggði hann ályktun sína á gögnum um sýni Hyls 75-947, bæði út frá einstaklingsdómum og afkvæmadómum en benti á að gögnin byðu ekki upp á að sýna fram á þetta með öyggjandi hætti.

Það að gallinn hefur viðhaldist í stofninum og það ítrekað gerst að hrútar sem bera hann hafa valist inn á sæðingastöðvannar styður líka þessi tengsl. Í grein um bógkreppu í hrútaskrá 2022-2023 eru taldir upp sex hrútar sem hafa verið á sæðingastöðvunum frá árinu 1990, auk Viðars, sem grunaðir voru um að vera arfberar. Við þennan lista bætist Glampi 24-943 frá Hafrafellstungu sem dvaldi á sæðingastöð síðasta vetur. Ekki er þó vitað um bógkrepputilfelli undan honum en ljóst er samkvæmt erfðaprófi að hann ber þessa óheillastökkbreytingu.

ERU „TRANSEYÐI OG SNÚNIR FÆTUR“ OG BÓGKREPPA SITTHVOR ERFDAGALLINN?

Kveikjan að því að farið var af stað í leit að stökkbreytingu sem ylli bógkreppu var að grunur vaknaði um að Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum væri arfberi þegar tilkynning barst um þrjú vansköpuð lömb undan honum á sama búinu. Lækur var síðan notaður í tilraunaskyni, m.a. á dætur sínar, en ekki komu fram lömb með skýr einkenni bógkreppu úr þeim pörum og því enginn efniviður í rannsóknina. Lækur reyndist síðan ekki vera arfberi samkvæmt setraðaprófinu. Hafi Lækur sannarlega verið faðir þessara lamba (því miður voru ekki til sýni úr þeim) er hugsanlegt að gallanum hafi ekki verið rétt lýst og um aðra vansköpun hafi verið að ræða. Hugsanlega þá sem kölluð hefur verið „transeyði og snúnir fætur“ og gerð voru skil í ritgerð Oddnýjar Steinu Valsdóttur. Gallinn lýsir sér m.a. í því að allir fætur eru verulega snúnir og stundum krepptir. Ennið svert og efri skoltur óeðlilega stuttur (transeyði), auk þess sem lömbin eru oft belgmikil.

Hingað til hefur þó ekki verið hægt að sýna fram á að sá galli erfist með einföldum víkjandi erfðum. Hann hefur talist tengjast bógkreppu og greinilegt að bændur kalla þessa vansköpun gjarnan bógkreppu. Í gagnasafninu eru sýni úr nokkrum slíkum lömbum og foreldrum þeirra sem borist hafa á síðustu árum en virðist þessi vansköpun þó ekki mjög algeng. Sýni úr þessum gripum sem prófuð hafa verið með setraðaprófinu hafa gefið til kynna að þeir séu ekki arfberar bógkreppu. Búið er að skoða nokkur þeirra m.t.t. stökkbreytingarinnar og staðfesta að hún er ekki til staða. Það er því efni í ágætt framhaldsverkefni að finna stökkbreytinguna sem þar er að verki.

AD LOKUM

Lokamarkmið verkefnisins var að í boði yrði einfalt erfðapróf til að greina bógkreppu. Þegar þetta er ritað lítur vel út með uppsetningu á þjónustugreiningum hjá Matís þar sem prófað er fyrir stökkbreytingunni. Í öllu falli er búið að staðsetja þessa stökkbreytingu og standa því vonir til þess að síðasti stöðvahrúturinn sem dreifir bógkreppu sé fallinn og forsenda fyrir útrýmingu gallans sé nú fyrir hendi.

Matvælasjóði og Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar eru færðar þakkir fyrir fjárhagslegan stuðning við verkefnið sem og bændum fyrir þeirra framlag.

Helstu heimildir:

Eyþór Einarsson, Charlotta Oddsdóttir og Sæmundur Sveinsson (2022). *Erfðagallinn bógkreppa. Hrútaskrá 2022-2023*, 52-53.

Oddný Steina Valsdóttir (2005). *Fæðingargallar í íslensku sauðfé. BS-ritgerð.*

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri. 33 s.

Sigurður Steinþórsson (1995). *Erfðagalli í íslensku sauðfé. BS-120 ritgerð, Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. 30 s.*

SAUÐFJÁRSÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili, þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 45 klst.) en egglosið verður 24-30 klst. eftir að beiðslið byrjar og eggjið er frjótt í allt að 24 klst. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í legghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr legghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 20-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni og leitað er þrisvar sinnum á sólarhring. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfall eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu og stóru sauðfjárbúunum eru engir eða fáir aðrir gripir sem draga athyglina frá fénu og umgengni í fjárhúsum er meiri og tíðar en á blönduðum búum. Þar sem sauðfé er fátt er frístundabúskapur og féð jafnan spök gældýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingar á þessum búum.

SAMSTILLINGAR

SAMSTILLING MEÐ SVÖMPUM

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið og frjósemin hefur verið talsvert lakari en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að blæsma ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslið sést.

SAMSTILLING MEÐ SPRAUTUM

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að fá samstillingarsvampa, þá hefur verið brugðið á það ráð að nota prostaglandín sprautur. Þá er fenginn dýralæknir til þess að sprauta ærnar og þær blæsma næstu daga. Til að samstillingin takist sem best er sprautað tvisvar með 7 til 9 daga millibili. Blæsmin dreifast heldur meira en þegar notaður er svampur. Aðferðin hentar vel ef hleypa á til áнна en ef á að sæða er best að byrja að leita að blæsma ám strax daginn eftir seinni sprautuna og sæða 16 til 24 klst. eftir að ærin sést standa undir hrút.

SAMSTILLING MEÐ HRÚTAÁHRIFUM

Ef ánum er haldið frá fullorðnum hrútum fara þær ekki að ganga fyrr en seint í nóvember. Ef þær eru látnar komast vel í tæri við hrúta upp úr miðjum nóvember er líklegt að þær verði blæsma 19 til 23 dögum seinna 4. til 8. desember miðað við hrúta í 15. nóvember. Ef vítað er hvenær á að sæða er hægt taka ærnar á hús og leiða hrúta í gegnum hjörðina 20 til 21 degi fyrr.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR:

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-30 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar, þær á ekki að sæða. Leitað kvöldið áður en á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING:

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 til 60 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI:

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18, 19 og 20 dögum eftir úrtöku.


Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv. Leitað að kvöldi 14. des, 15. og 16. des. Sæðing næsta dag eftir að sést á ánum.

FRYST SÆÐI:

Leita skal þrisvar sinnum á sólarhring, t.d. kl. 7 að morgni, aftur kl. 15 og að lokum kl. 23 að kvöldi. Sæða skal þær ær sem eru blæsma 20-24 klst. seinna.

Dæmi um verklag sem má viðhafa við notkun frysts sæðis:



MEDHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á að kæla sæðið meira ef á að nota það innan skamms, en það þarf að kæla sæðið niður í 5 °C ef á að nota það seint að deginum, um kvöldið eða næsta dag. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráit vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga tommustokk, málbandi eða hreinum járntein ofan í botn á kútnum og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki má vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í stúti kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.
 - Ministrá (grönn 0,25 ml strá) skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.
 - Mediumstrá (sverari 0,5 ml strá) skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglulega (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrúsa með mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráit er sett í.
- Passið að sæðingataekið sé þurr.
- Eftir að stráit hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið að uppþídd strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a.

Skráitð ykkur inn á www.fjarvis.is.

b.

Veljið <Skrá sæðingar> í boxinu vinstra megin.

c.

Skráitð kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., tímasetningu sæðinga, hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

NOKKUR RÁÐ TIL ÞESS AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI

Daginn áður en á að sæða er farið í fjárhúsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða daginn eftir.

Seint kvöldið áður en á að sæða er leitað aftur og þær ær sem eru blæsma nú, en voru ekki blæsma um morguninn, eru teknar frá og settar í stíu/spil/krubbu nærri hrútunum. Það ættu að líða 16-24 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsinn. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að ragast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!

Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!



Gæði alla leið

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldan á Skeiðháholti eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Metnaður í ræktun og virðing fyrir umhverfinu eru þeirra leiðarljós í búskapnum.

Þannig tryggja þau hágæða íslenskt hráefni sem skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS
- Fyrir þig